



Franskir dagar

22. - 24. júlí 2016

Les jours français



Geisli 50 ára

Árgangur 1966

Diddú og Bergþór

Sólveig á Brimnesi

Nanna og Bergkvist

Jarðfræði Austfjarða

Amma á Egilsstöðum

Nordurljósahús Íslands

Gullbrúðkaupíð í Tungu

Fuglamerkingar í Skrúð

Dundee skútan St. Pétur

Húsamerkingar á Búðum

Björgunarbáturinn Hafdís

Ábugafélag um hvalstöðina

Kveðja ritstjóra

Margir þekkinga hve sjálfbóðaliðastarf getur verið gefandi. Bæjarhátíðir í minni sveitarfélögum ganga vel vegna þess að fólk leggur þeim lið á fjölbreyttan hátt. Við Fáskrúðsfirðingar getum svo sannarlega verið stolt af okkar Frönsku dögum sem hafa vaxið og dafnað í tvo áratugi. Á þeim tíma hefur bærinn tekið stakkaskiptum. Í aðdraganda Franskra daga brettir fólk upp ermar, tekur hressilega til og feugar, svo eftir er tekið langt út fyrir fjórðunginn.

Engum er hollt að sitja lengi og telja sig ómissandi. Allt hefur sinn tíma og maður kemur í manns stað. Þetta er níunda og síðasta blaðið sem ég ritstýri. Það

hefur verið gefandi að taka þátt í að skrasetja söguna. Allir hafa verið boðnir og búnir að skrifa greinar, veita viðtöl, lesa yfir og deila myndum og minningum. Margt smátt gerir eitt stórt. Um leið og ég þakka öllum sem aðstoðað hafa við blaðið, óska ég gestum ánægjulegra Franskra daga og hátíðinni alls hins besta um komandi ár.

Með þakklæti sjálfbóðaliðans í hjarta geng ég nú til annarra verka og þakka fyrir mig.

Albert Eiríksson



Bestu þakkir fá:

<i>Árgangur 1966</i>	<i>Sindri Már Smáráson</i>
<i>Berglind Agnarsdóttir</i>	<i>Sólveig Eiríksdóttir</i>
<i>Björn Jónsson</i>	<i>Sólveig Þorleifsdóttir</i>
<i>Bragi Bergþórsson</i>	<i>Vilborg Björnsdóttir</i>
<i>Erlingur Jóhannesson</i>	<i>Vilborg Eiríksdóttir</i>
<i>Gígja Sólveig Guðjónsdóttir</i>	<i>Vilborg Elísdóttir</i>
<i>Guðrún Gunnarsd. Michelsen</i>	<i>Vilborg Fríðriksdóttir</i>
<i>Guðrún Íris Válsdóttir</i>	<i>Vilberg Marínó Jónasson</i>
<i>Grétar Helgi Geirsson</i>	<i>Þorbildur Helga Þorleifsdóttir</i>
<i>Helena Stefánsdóttir</i>	<i>Þórunn Guðmundsdóttir</i>
<i>Ingunn Þráinsdóttir</i>	<i>og síðast en ekki síst þeir sem gera</i>
<i>Jóhanna Kristín Hauksdóttir</i>	<i>Fáskrúðsfjörð snyrtilegri ár frá ári</i>
<i>Jónína Óskarsdóttir</i>	<i>og allir þeir sem lagt hafa hönd á plóg</i>
<i>María Óskarsdóttir</i>	<i>við undirbúning Franskra daga frá</i>
<i>Óskar Andri</i>	<i>uppbafi.</i>
<i>Óskar Þór Guðmundsson</i>	<i>Blaðið og eldri blöð má nálgast á</i>
<i>Serge Lambert</i>	<i>timarit.is undir Franskir dagar</i>



Frá vinstri: Oddrún Ósk Pálsdóttir, Katrín Lea Hjálmarsdóttir, María Ósk Óskarsdóttir, Bjarnheiður Helga Pálsdóttir, Elsa Guðjónsdóttir og Eva Ösp Örnólfsdóttir. Á myndina vantar Guðbjörgu Steinsdóttur, Elvu Rán Grétarsdóttur, Maríu Björk Stefánsdóttur og Arnfríði Halþórsdóttur.

Mynd: Steinn B. Jónasson.

Kveðja frá undirbúningshópnum

Ágætu Fáskrúðsfirðingar og gestir, velkomnir á Franska daga 2016.

Í ár höldum við okkar 21. Frönsku daga á Fáskrúðsfirði til að minnast veru franskra sjómanna á Íslandsmiðum og eins og undanfarin ár er von á góðum gestum í heimsókn í fjórðinn fagra.

Að undirbúningi hátíðarinnar í ár hefur staðið samhentur hópur sjálfbóðaliða og verður þeirra framlag til hátíðarinnar seint fullþakkað því í þessum málum gerist ekkert að sjálfu sér.

Hátíðin verður fjölbreytt að venju og byggð upp með svipuðu sniði og verið hefur um árabíll. Margir dagskrárliðir hafa unnið sér fastan sess og er það vel, en mest er þó um vert að heimamenn og gestir geti fundið eitthvað við sitt hæfi og skemmt sér saman því maður er jú manns gaman. Með von um að þú, lesandi góður, sem og allir aðrir gestir njóti hátíðarinnar. Góða skemmtun.

Fyrir hönd undirbúningshóps Franskra daga, María Óskarsdóttir.

ÞÖKKUM EFTIRTÖLDUM AÐILUM
STUÐNINGINN VIÐ FRANSKA DAGA

SECURITAS / FJARÐANET
BÍLAFELL FELLABÆ / MANNVIT

Blað Franskra daga, 14. árgangur 2016

Útgefandi: Franskir dagar

Ritstjóri: Albert Eiríksson, albert.eiriksson@gmail.com

Umbrot og prentun: Héraðsprent

Forsíðumynd: Hafdís, hinn nýi og glæsilegi björgunarbatúr Björgunar-sveitarinnar Geisla og hluti sjóflokks sveitarinnar. Frá vinstri: Ólafur Atli Sigurðsson, Hörður Árnason, Sigurður Jón Ragnarsson og Hans Óli Rafnsson. Í stýrishúsinu sést glitta í Óskar Þór Guðmundsson.

Mynd: Jóhanna Kr. Hauksdóttir, júní 2016.



Söngskemmtun í Fáskrúðsfjarðarkirkju

Sigrún Hjálmtýsdóttir og Bergþór Pálsson syngja á tónleikum á Dalvík og Austurlandi dagana 18.- 22. júlí. Píanóleikari er Kjartan Valdemarsson.

Albert Eiríksson hefur skipulagt tónleika í tengslum við Franska daga á Fáskrúðsfirði síðan 2001, en það voru einmitt Diddú og Bergþór sem riðu á vaðið á fyrstu tónleikunum. Síðan þá hefur tónleikunum vaxið fiskur um hrygg og ýmsir staðir á Austurlandi verið heimsóttir, allt suður til Hafnar. Margir tónleikagestir hafa komið ár eftir ár og sumir hafa aldrei látið sig vanta.

Í ár verða síðustu tónleikarnir í þessari mynd og því þótti Albert tilvalið að Diddú og Bergþór lokuðu hringnum. Efnisskráin er að mestu byggð á fyrstu efnisskránni, en þar kennir ýmissa grasa; ljúflingslög eftir Inga T. Lárússon, Sigfús Halldórsson, Jónas og Jón Múla, Oddgeir Kristjánsson, en einnig frönsk lög, létt Vínarlög og önnur þekkt erlend og íslensk sönglög.

Tónleikarnir verða sem hér segir:

Dalvík 18. júlí kl. 20 í Bergi.

Safnaðarheimili Norðfjarðarkirkju 20. júlí kl. 20.

Álfakaffi, Borgarfirði eystra 21. júlí kl. 20:30.

Fáskrúðsfjarðarkirkju 22. júlí kl. 17 og 20.

Þau Diddú og Bergþór hafa átt margvíslegt samstarf í árunna rás, haldið fjölda tónleika saman, farið með aðalhlutverk saman í mörgum óperum og síðast en ekki síst komið fram á óteljandi skemmtunum af fjölbreyttu tagi.

Það verður létt og fallett yfirbragð á tónleikunum, enda eru þau löngu þekkt fyrir glaðlega útgeislun og vandaðan tónlistarflutning.

Kjartan mun prýða tónleikana af sinni alkunnu hógværð og leikni, enda er hann eftirsóttur píanóleikari af öllum helstu söngvurum landsins, en búast má við að hann kippi nikkunni með.

Miðasala við innganginn og á tix.is.

Góða skemmtun!

Texti: Þórunn Guðmundsdóttir

Myndir: Úr einkasafni

Gullbrúðkaupið í Tungu 1936

Fyrir 80 árum síðan, þann 14. september 1936, héldu hjónin Páll Þorsteinsson (1863 -1959) og Elínborg Stefánsdóttir (1867 - 1951) veglega veislu í Tungu, Fáskrúðsfirði. Tilefnið var gullbrúðkaupsafmæli þeirra. Vilhjálmur Hjálmarsson segir svo frá: „Það var fagurt veður í Fljótsdal sunnudaginn 14. september 1886, kyrrt og hlýtt. Séra Sigurður Gunnarsson á Valþjófsstað messaði heima þann dag, í Valþjófsstaðakirkju. Við guðþjónustuna voru gefin saman í hjónaband Páll Þorsteinsson frá Víðivallagerði og Elínborg Stefánsdóttir þá til heimilis á Eskifirði. Veisla var haldin í Víðivallagerði. Þegar kirkjufólkið reid inn yfir dal og vötn til veislunnar var lognið svo dátt að prestfrúin reid með skautfaldinn á höfði sér.“

Páll og Elínborg byrjuðu búskap í Víðilæk í Skriðdal, en fluttu eftir fjögur ár að Þingmúla þar sem þau bjuggu í sjö ár. Vorið 1898 fluttu þau hjónin svo að Tungu og bjuggu þar til vorsins 1925, að Gunnar sonur þeirra tók við búinu.

Þegar Páll og Elínborg fluttu að Tungu var jörðin í mikilli niðurníðslu, hús voru öll í hinu versta ástandi og flest að falli komin. Þrjár torfbaðstofur voru á jörðinni, því þrífýli hafði verið þar áður, og þurfti að nota þær allar, enda var margt í heimili. Kom það sér vel að þau hjónin voru dugnaðarforkar og á örfáum árum var búið að byggja upp öll bæjarhús, slétta og girða túnið og leiða vatn um langan veg í bæ og fjós. Þau hjón voru rómuð fyrir framfarir bæði í menningarmálum og búskap. Páll var hreppstjóri í 27 ár og gegndi ýmsum trúnaðarstörfum og Elínborg var annálúð fyrir tóvinnu.

Elínborg og Páll eignuðust fjórtán börn en tvær dætur dóu í æsku. Til viðbótar við þennan barnahóp tóku þau að sér fjögur systurbörn Páls. Þau voru hjúasæl og var oft margt vinnufólk hjá þeim. Það orð fór af þeim hjónum að þau væru bæði mjög gestrisin og er ekki að efa að þau hafi viljað fagna gullbrúðkaupinu með sem flestum ætt-

Það var haldin vegleg veisla í Tungu. Við mættum þar öll systkinin og flestir af mágafólkunni og barnabörnunum, sem búsett voru á Austurlandi, ásamt fjölmörgu vinafólki. Sýslutjaldið var sett upp, þar var matarveislan. Ræðuhöld voru einhver en lítið um söng.

Nóttina eftir veisluna gerði voðaveður um land allt. Þá nótt fórst „Pourquoi pas?“, franska rannsóknarskipið, vestur af Mýrum.“

(Úr viðtali sem Elínborg Stefánsdóttir og Þórdís Þorvaldsdóttir tóku við Sigstein vorið 2003).

Sýslutjald þetta sem Sigsteinn minnst á mun hafa verið keypt fyrir Alþingishátíðina 1930. Ekki eru margir á lífi sem mættu í þessa veglegu veislu. Elínborg Gunnarsdóttir bjó í Tungu á þessum tíma með foreldrum sínum, Gunnari Pálssyni og Önnu Vilhjálmisdóttur. Elínborg var þriðja í röðinni af fimm systkinum. Hún var tæplega 9 ára þegar þetta gerðist, en man enn ýmislegt frá þessum viðburði:

„Ég passaði Friðmar bróður minn þegar mamma var að undirbúa veisluna. (Friðmar fæddist í maí 1935 og var því rúmlega árgamall). Ég var með gamla sálmabók og söng upp úr henni fyrir barnið. Þegar ég kunni ekki lagið við sálminn fór ég fram í eldhús og mamma söng lagið fyrir mig. Þannig lærði ég heilmarga sálma.

Þegar fólkið var að koma heim í Tungu vorum við krakkarnir alveg undrandi á fjöldanum. Ég gleymi því aldrei að Sigsteinn frændi kom með orgel (harmoníum) sem hann gaf okkur systkinunum og þetta orgel var alltaf í Tungu. Veislan var matarveisla og Unnur (Pálsdóttir) var búin að



Elínborg Stefánsdóttir (1867-1951).

Páll Þorsteinsson (1863-1959).

ingjum og vinum. Árið 1936 voru börnin vaxin úr grasi og dreifð um landið, en þau lögðu mikla áherslu á að koma heim í Tungu af þessu tilefni. Sigsteinn Pálsson segir svo frá:


„Þegar verið var að fala mig sem ráðsmann að Reykjum í Mosfellssveit setti ég það skilyrði að ég fengi frí hluta af september af því að foreldrar mínir ættu þá gullbrúðkaup en þau giftu sig 14. september 1886. Það var ekki algengt í þann tíð að fólk ætti 50 ára hjúskaparafmæli, það var jafnfátítt eins og að menn yrðu hundrað ára. Þó varð nú langafi minn, Jón Pálsson, hundrað ára, fæddur 1805 og dáinn 1905.



Uppdekkud borð í sýslutjaldinu fyrir veisluna miklu.



Gamla íbúðarhúsið í Tungu.



- 1 Sigurbjörn Stefánsson
- 2 Guðjón Pálsson
- 3 Stefán Pálsson
- 4 Björn Stefánsson
- 5 Þórunn Sveinsdóttir
- 6 Emíla Friðriksdóttir
- 7 Guðný Einarsdóttir
- 8 Björn Danielsson
- 9 Jón Jónsson
- 10 Lára Björnsdóttir
- 11 Sigurbjörn Sveinsson
- 12 Oddný Þorsteinsdóttir
- 13 Sigurbergur Oddsson
- 14 Halldór Pálsson
- 15 Guðrjúður Lüðvíksdóttir
- 16 Guðrjúður Jónsdóttir
- 17 Jóhann Magnússon
- 18 Jón Pálsson
- 19 Björn Stefánsson
- 20 Guðmundur Guðfinnsson
- 21 Guðný Guðmundsdóttir
- 22 Jónas Benediktsson
- 23 Ásta Hallsdóttir
- 24 Þórunn Þorgrímsdóttir
- 25 Þorgerður Sigurðardóttir
- 26 Herborg Björnsdóttir
- 27 Stefán Jakobsson
- 28 Stefán Þorsteinsson
- 29 Elís Jónsson
- 30 Rósa Þorsteinsdóttir

- 31 (kom með Rósu og Marteini)
- 32 Martein Þorsteinsson
- 33 Sr. Haraldur Jónasson
- 34 Valborg Haraldsdóttir
- 35 Guðmundur Þorgrímsson
- 36 Kristjana Bjarnadóttir
- 37 Sigríður Ögmundsdóttir
- 38 Margrét Lárausdóttir
- 39 Páll Benjamínsson
- 40 Sigurbjörg Pálsdóttir
- 41 Magnús Gíslason
- 42 Guðrún Jónsdóttir
- 43 Sigríður Ólsen
- 44 Sveinn Benediktsson
- 45 Kristborg Brynjólfsdóttir
- 46 Eður Albertsson
- 47 Karl Stefánsson
- 48 Guðrjúður Sveinsdóttir
- 49 Lára Pálsdóttir
- 50 Hans Stangeland
- 51 Anna Bjarnadóttir
- 52 Sigurbjörg Siggeirsdóttir
- 53 Þorsteinn Pálsson
- 54 Erlendur Ísleifsson
- 55 Sólveig Eiríksdóttir
- 56 Ragnbildur Jónsdóttir
- 57 Sumarlína Jónsdóttir
- 58 Guðrún Sigurðardóttir
- 59 Valgerður Pálsdóttir
- 60 Oddný Sveinsdóttir

- 61 Björgvin Þorsteinsson
- 62 Valdís Tryggvadóttir
- 63 Kjartan Ólafsson
- 64 Gróa Einarsdóttir
- 65 Kristján Jóhannsson
- 66 Þorvarður Sólvason
- 67 Þórir Þorleifsson
- 68 Unnur Pálsdóttir
- 69 Ingólfur Kristjánsson
- 70 Halldór Jónsson
- 71 Jón Karlsson
- 72 Björn Sigurðsson
- 73 Kristinn Jónsson
- 74 Sigsteinn Pálsson
- 75 Ásgeir Guðmundsson
- 76 Anna Jónsdóttir
- 77 Áslaug Maack
- 78 Kirstín Flygenring
- 79 Sæmundur Sæmundsson
- 80 Ingibjörg Pálsdóttir
- 81 Guðlaug Þorsteinsdóttir
- 82 Guðný Þorsteinsdóttir
- 83 Kristín Guðmundsdóttir
- 84 Guðlaug Magnúsdóttir
- 85 Þórlindur Jóhannsson
- 86 Jóhann Jónsson
- 87 Auður Halldórsdóttir
- 88 Áslaug Stephensen
- 89 Páll Þorsteinsson
- 90 Elinborg Stefánsdóttir

- 91 Hólfríður Björnsdóttir
- 92 Anna Vilbjálmsdóttir
- 93 Gunnar Pálsson
- 94 Friðbjörn Þorsteinsson
- 95 Jóhann Þórlindsson
- 96 Málfríður Sigurðardóttir
- 97 Guðrún Jónsdóttir
- 98 Eiríkur Stefánsson
- 99 Gunnþóra Björgvinsdóttir
- 100 Borgbildur Einarsdóttir
- 101 Kjartan Pálsson
- 102 Jóhanna Þorsteinsdóttir
- 103 Ásta Stefánsdóttir
- 104 Margrét S. Jónsdóttir
- 105 Elinborg Gunnarsdóttir
- 106 Páll Gunnarsson
- 107 Vilhjálmur Gunnarsson
- 108 Ragnbildur Gunnarsdóttir
- 109 Elinborg Stefánsdóttir
- 110 Björn Halldórsson
- 111 Leifur Halldórsson
- 112 Unnsteinn Stefánsson
- 113 Hallsteinn Stefánsson
- 114 Höskuldur Magnússon
- 115 Valgerður Sigurðardóttir

Ljósmynd: Sveinn Guðmundsson, Eskifirði
Eigandi ljósmynda: Sigrún Haraldsdóttir frá Kolfreyjustað.

vera hjá mömmu og þeim til að undirbúa veisluna. Undirbúningurinn lenti mest á þeim. Allar veitingarnar voru gerðar heima, enda ekki hægt að panta mat eins og nú er gert. Presturinn kom og var með hugvekju í veislunni.

Ég gleymi ekki hvernig það var að fréttu af afdrifum „Pourquoi pas?“ sem fórst nóttina eftir veisluna. Ósköpin sem gengu á um nóttina, það var alveg vitlaust veður, en dagurinn hafði verið mjög góður. Frænkurnar sátu langa stund að gera við tjaldið, sem hafði rifnað upp og skemmdist heilmikið, áður en hægt var að skila því.

Umræddur Friðmar Gunnarsson giftist síðar Jónu Sigurbjörnsdóttur og bjuggu þau í Tungu. Jóna man eftir því að hafa heyrt talað um að sýslutjaldinu hafi verið tjaldað inni á Ekrunni. Eins og sjá má á myndinni sem tekin er af veislu-borðinu voru dúkar og blóm á borðum. Ekki er vitað nákvæmlega hvað var á matsaðlinum, en lömbum var slátrað fyrir veisluna og í eftirrætt var búðingur. Þá voru geymdar heilmargar tertur í kjallaranum á „gamla húsinu“, en þær voru bornar fram með kaffinu.

Þessi mikla veisla var lengi í minnum höfð og vel við hæfi að rifja hana upp núna, þegar 80 ár eru liðin. Lára Pálsdóttir skrifaði æviágrip móður sinnar og þar er að finna þessar línur um 14. september 1936:

„Gestkvæmt var í Tungu þann dag, sátu yfir 150 manns veislu máltíð, framreidda í sýslutjaldinu. Var þar mikil gleði. Öll börnin voru þá stödd í Tungu, en flest þeirra voru þá flutt burt frá Fáskrúðfirði. Demantsbrúðkaup halda þau (Páll og Elínborg) 1946, enn að Tungu. Árið 1948 fluttu



Páll og Elínborg í Tungu á gullbrúðkaupsdaginn með börnum sínum. Frá vinstri: Valgerður, Þorsteinn, Kirstín, Sigsteinn, Lára, Jón, Ingibjörg, Stefán, Unnur, Halldór, Sigurbjörg og Gunnar. Fyrir framan þau sitja Elínborg og Páll.

þau alfarin þaðan, og eru eftir það hér syðra á milli barna sinna.“

Elínborg dó í júní árið 1951 og munaði því litlu að þau hjónin lifðu að halda upp á 65 ár í hjónabandi. Margt dreif á daga þeirra þessi ár og kannski erfitt að gera sér í hugarlund í dag hvernig lífsbaráttan var. Elínborg var fróðleiksfús, en hafði enga stund aflögu fyrir bóklestur og brá hún á það ráð að fá vel læsan krakka til að lesa fyrir sig þegar hún sat við vinnu sína. Hún eignaðist sitt fyrsta barn daginn eftir tvítugsafmælið sitt og

fjórtaða barnið eignast hún fjórutíu og þriggja ára. Þegar Kirstín kom í heiminn í ágúst 1897 náðist ekki í ljósmóður í tæka tíð, svo að Páll tók sjálfur á móti dóttur sinni og gekk það svo vel að hann tók á móti þeim sex börnum sem þau hjónin eignuðust eftir það. Vafalaust hefur það verið þeim dýrmætt að fá að fagna farsælu hjónabandi með öllum börnunum sínum á þessum mikla hátíðisdegi í september 1936 og gaman er að skoða myndina sem tekin var af veislugestum og ímynda sér gleðskapinn.



Kælismiðjan Frost ehf.

Fagmennska í Fyrirrími

Heildarlausnir fyrir smærri og stærri verkefni í kæliiðnaði:

MSI-Global	: Stálgrindarhús
Isocab	: Frysti-, kæliklefar og veggeiningar
Dan-doors	: Frystiklefa og eldvarnarhurðir
Grasso	: Frystipressur
Sinop	: Frysti- og kælivélasamstæður
Sinop	: Tölvukælar
Witt	: Kælimiðilsdælur
Danfoss	: Lokar og stjórnbúnaður
FrigoScandia	: Lausfrystar
Stein	: Brauðunar- og fullvinnslulínur
Aquaterm	: RSW kerfi
DSI	: Plötufrystar
Samitech	: Sjálfvirkir plötufrystar
Güntner	: Kæliblásarar




Vestmanna Fiskavirki, Vestmanna Færeyjum:
Afhent í apríl 2008, frystikerfi og sjálfvirkur plötufrystir,
70 tonna afköst á sólahring, 3000 tonna frystigeymsla.

Þjónusta:
Hönnun
Ráðgjöf
Fjargæsla
Einangrun



Kælismiðjan Frost ehf.
Fjölнисgötu 4b
603 Akureyri
Sími 464 9400
Fax 464 9401
frost@frost.is

Kælismiðjan Frost ehf.
Stangarhyl 5
110 Reykjavík
Sími 464 9400
Fax 464 9402
www.frost.is



Fullt af frábærum söfnum í Fjarðabyggð

Finndu upphalds safnið þitt

■ Íslenska stríðsárasafnið

Spítalaskapur v/Hæðargerði | Reyðarfirði | Sími: 470 9063 | safnastofnun@fjardabyggd.is
Opið kl. 13:00 – 17:00 alla daga vikunnar, frá 1. júní til 31. ágúst eða eftir samkomulagi.
Ferðist aftur til daga seinni heimsstyrjaldarinnar og fáið innsýn í lífið á stríðsárunum og kynnist áhrifum hersettunnar á Reyðarfirði.

■ Sjóminjasafn Austurlands

Strandgata 39b | Eskifirði | Sími: 476 1605 | safnastofnun@fjardabyggd.is
Opið kl. 13:00 – 17:00 alla daga vikunnar, frá 1. júní til 31. ágúst eða eftir samkomulagi.
Munir sem tilheyra sjósókn og vinnslu sjávarafla, verslunarminjar og hlutir sem tilheyra ýmsum greinum iðnaðar og lækninga frá fyrri tíð.

■ Safnahúsið í Neskaupstað

Egilsbraut 2 | Neskaupstað | Sími: 477 1446 | safnastofnun@fjardabyggd.is
Opið kl. 13:00 – 21:00 alla daga vikunnar, frá 1. júní til 31. ágúst eða eftir samkomulagi.

- **Málverkasafn Tryggva Ólafssonar**
Ný sýning á hverju ári á verkum eins þekktasta myndlistamanns Íslands.
- **Sjóminja- og smiðjumunasafn**
Skemmtilegt atvinnutækjasafn liðinna tíma.
- **Náttúrugripasafn Austurlands**
Brot af því besta úr náttúru landshlutans.

■ Frakkar á Íslandsmiðum

Hafnargata 12 | Fáskrúðsfirði | Sími: 475 1170
Opið alla daga kl. 10:00-18:00 frá 1. júní til 31. ágúst eða eftir samkomulagi.
Nýtt og glæsilegt safn í nýuppgerðum húsakynnum Franska spítalans um líf franskra skútusjómannanna á Fáskrúðsfirði á 19. og 20. öld.

■ Steinasafn Petru

Fjarðarbraut 21 | Stöðvarfirði | Sími: 475 8834 / 866 3668 | www.steinapetra.is
Opið kl. 9:00 – 18:00 alla daga vikunnar.
Stórt og glæsilegt steinasafn í einkaeigu: steinar og steinamyndanir, aðallega úr fjöllum við Stöðvarfjörð, minjagripasala og einstakur garður.



FJARDABYGGÐ | Þú ert á góðum stað

fjardabyggd.is

Mjóifjörður

Norðfjörður

Eskifjörður

Reyðarfjörður

Fáskrúðsfjörður

Stöðvarfjörður

Texti og myndir: Óskar Þór Guðmundsson

Björgunarbáturinn Hafdís



Hafdís í heimahöfn á Fáskrúðsfirði.

Björgunarbáturinn Hafdís er íslensk nýsmíði bátasmiðjunnar Rafnar ehf. í Kópavogi. Það sem gerir þessa tegund báta einstaka er sérstakt skrokklag sem nefnist Ok hull og er uppfinning eiganda fyrirtækisins Óssurar Kristinssonar. Hefðbundinn hraðbátur notar vélaraflið til að lyfta sér upp úr sjónum og siglir eða fleytir kerlingar ofan á haffletinum á meðan bátar frá Rafnar eru svokallaðir særymisbátar sem ryðja sjónum frá sér en lyfta sér ekki upp. Þetta gerir það að verkum að bátarnir eru einstaklega mjúkir í sjó og álagið á áhöfnina er mun minna en í hefðbundnum bátum.

Hafdísin er sérhannaður sjálfréttandi lokaður björgunarbátur og því er um algera byltingu fyrir björgunarsveitina Geisla að ræða. Félagar sveitarinnar hafa tekið þátt í hönnunarferlinu og báturinn því sniðinn að þörfum sveitarinnar.

Áhöfn Hafdísar hefur nú tækifæri til að flytja og annast sjúklinga í liggjandi stöðu inni í upphit-uðu húsi en hingað til hafa aðeins björgunarskip Landsbjargar og björgunarbáturinn Þór í Vestmannaeyjum getað það. Þetta eykur notkunargildi bátsins mikið og getur stýtt tímann sem tekur að flytja slasaða eða veika sjómenn undir læknishendur. Til þess að það megi verða þurfa þó þeir aðilar sem koma að björgunarmálum á sjó að hugsa þetta sem mögulegan kost í stöðunni því hingað til hafa menn treyst nánast alfarið á þyrlur Landhelgisgæslunnar til að sinna sjúkraflutningum af sjó. Fram hefur komið í fjölmiðlum að flugtími á þyrlu Landhelgisgæslunnar kostar um það bil 700.000 kr. á meðan áætlanir björgunarsveitarinnar gera ráð fyrir að siglingatími á Hafdís kosti um það bil 40.000 kr.

Nýja Hafdísin er vel tækjum búin til leitar og björgunarstarfa eins og sést á meðfylgjandi myndum innan úr stýrishúsinu. Báturinn er búinn öllum fullkomnustu siglingatækjum auk hita-

myndavélar sem auðveldar leit í slæmu skyggni. Hann er einnig búinn Sidescan hátíðni dýptarmæli sem teiknar ansi nákvæma mynd af botninum, sjálfstýringu sem getur stýrt bátinum sjálfvirkri í leitarferla, tveimur VHF talstöðvum, Tetra talstöð, 3G síma og mörgu fleiru. Einnig verður reynt að búa bátinn sem best með lausabúnaði og er til að mynda í honum dæla sem dælir 1200 lítrum á mínútu, sjúkrabúnaður og fleira.

Gert er ráð fyrir að í áhöfn bátsins séu þrír eða fjórir björgunarmenn og er báturinn hannaður

með það að leiðarljósi að uppstilling í stýrishúsinu geti verið mismunandi eftir því hvaða verkefnum er verið að sinna. Öll sæti og bekkir eru því á hraðfestingum svo hægt sé, með auðveldum hætti, að færa þau til eftir því hvort um leitar- eða björgunarverkefni er að ræða eða sjúkraflutning. Björgunarsveitin þakkar þeim aðilum sem styrktu þetta stóra verkefni, það er ykkar framlag sem gerir það að verkum að við getum með miklu stolti sagt að á Fáskrúðsfirði sé einn best búi björgunarbátur í eigu björgunarsveitar á landinu.



Uppstilling í stýrishúsi fyrir sjúkraflutning.



Uppstilling í stýrishúsi fyrir hefðbundin leitar- og björgunarstörf.

„Þú verður að vita hvar þú stendur“



Góð yfirsýn er grunnurinn að góðri fjárhagsstöðu. 360° ráðgjöf er þjónusta þar sem farið er yfir fjármálin þín frá öllum hliðum; lán, sparnað, tryggingar, stöðuna í dag og framtíðarmarkmið.

Kynntu þér 360° ráðgjöf á landsbankinn.is/360.



Lísbet Harðar Ólafardóttir
Viðskiptavinur Landsbankans



Texti: Grétar Helgi Geirsson

Myndir: Ýmsir

Björgunarsveitin Geisli 50 ára

Upphafið 1966

Sunnudaginn 1. maí 1966 var haldinn stofnfundur björgunarsveitar á Fáskrúðsfirði í félagsheimilinu Skrúði, að atbeina félagskvenna í Slysavarnadeildinni Hafdísí á Fáskrúðsfirði sem höfðu undirbúið stofnun sveitarinnar í samráði við Friðrik Jóhannesson og Þórólf Friðgeirsson. Þeir höfðu verið í sambandi við Hannes Þ. Hafstein, erindreka sem sá um þjálfun björgunarsveita fyrir Slysavarnafélag Íslands og varð síðar framkvæmdastjóri þess.

Á fundinn mættu 27 menn, þeir yngstu 18 ára og sá elsti 54 ára, sem tilbúnir voru að gerast stofnfélagar í björgunarsveit fyrir samfélagið. Þeir voru: Albert Kemp (29 ára),

Baldvin Guðjónsson (31 árs),
Björgvin Ottósson (29 ára),
Egill Guðlaugsson (34 ára),
Einar Jónsson (31 árs),
Friðrik Jóhannesson (39 ára),
Geir Helgason (33 ára),
Guðlaugur Guðjónsson (51 árs),
Guðni Kr. Sörensen (27 ára),
Gunnþór Guðjónsson (42 ára),
Hans Aðalsteinsson (30 ára),
Jóhannes Jóhannesson (22 ára),
Jóhannes Sigurðsson (23 ára),
(Sigurður) Kristmann Aronsson (25 ára),
Oddur Sigurðsson (44 ára),
Ólafur Bergþórsson (30 ára),
Ragnar Þ. Jónasson (54 ára),
Reynir Guðjónsson (30 ára),
Skafti Þóroddsson (43 ára),
Skúli M. Óskarsson (18 ára),
Sigurður Arnþórsson (23 ára),
Sigurjón Hjálmarsson (23 ára),
Þorleifur K. Kristmundsson (41 árs),
Þórður Pálmason (21 árs),
Þórormur Óskarsson (18 ára),
Þórólfur Friðgeirsson (31 árs)
Ægir Kristinsson (23 ára)

Þórólfur stjórnaði þessum fundi og var rétt um tilgang björgunarsveitarinnar, þann búnað sem hún þyrfti að eiga og kunna á, auk þess sem upplýst var að Hannes Þ. Hafstein kæmi austur á Fáskrúðsfjörð síðar, til að fara betur yfir málin og kenna mönnum.

Þá var ákveðið að hin nýstofnaða björgunarsveit yrði nefnd Björgunarsveit SVFÍ í Fáskrúðsfirði, og yrði ein af björgunarsveitum Slysavarnafélags Íslands. Einnig var kjörin stjórn fyrir björgunarsveitina á þessum fundi og hana skipuðu Friðrik Jóhannesson, formaður, Einar Jónsson, gjaldkeri og Ólafur Bergþórsson, ritari.

Fyrsti aðalfundurinn

Þriðjudaginn 23. maí 1967 var síðan haldinn aðalfundur Björgunarsveitar SVFÍ í Fáskrúðsfirði, í félagsheimilinu Skrúði, þar sem stjórn Slysavarnadeildarinnar Hafdísar og fulltrúi Slysavarnafélags Íslands, Hannes Þ. Hafstein voru meðal annars viðstödd. Ólafur Bergþórsson setti þann fund og upplýsti um þá vinnu sem farið hafði fram við stofnun björgunarsveitarinnar með aðstoð Hannesar. Hannes tók til máls og lýsti ánægju sinni með hina nýju björgunarsveit og bauð hana velkomna í raðir Slysavarnafélags Íslands.

Á fundinum voru svo ýmis mál rædd, meðal annars reglur fyrir björgunarsveitina, fjarskiptamál, leitarskipulag og almennt hlutverk björgunarsveita.

Sigrún Sigurðardóttir, formaður Slysavarnadeildarinnar Hafdísar, rakti aðdragandann að stofnun björgunarsveitarinnar og óskaði henni



farsældar í störfum sínum, auk þess sem hún færði björgunarsveitinni fjárstyrk að upphæð 20.000 kr. frá Slysavarnadeildinni Hafdísí.

Fyrsta stjórn björgunarsveitarinnar var svo endurkjörin á fundinum.

Að sjálfsgöðu buðu slysavarnadeildarkonur svo öllum fundargestum í kaffisamsæti, og eftir kaffið sýndi Hannes kvikmynd um ferðamensku.

Fyrstu árin var félögum í sveitina safnað með því að ganga í hús, og mönnum svo raðað í aðal- eða varasveit, auk þess sem styrktarfélögum var safnað. Búnaður var lítill sem enginn, en þó var þá orðinn til hópur og skipulag um hvernig bregðast skyldi við ef til dæmis einhvers yrði saknað og hefja þyrfti leit.

Þó eignaðist björgunarsveitin snemma fluglínutæki, sem er búnaður til að bjarga mönnum úr strönduðum skipum og bátum, búnaður sem hefur bjargað lífi vel á þriðja þúsund íslenskra og erlendra sjómanna allt í kringum landið, fram á þennan dag. Margar björgunarsveitir höfðu orðið til í kringum þennan búnað fyrst og fremst. Fluglínutækin voru á upphafsárunum geymd í kjallaranum í Skrúði.

Upphafsárin reyndust erfið, og fór svo að starfið lognaðist nánast útaf.

Endurreisnin

Árið 1970 flutti Bjarni Björnsson, þá 27 ára, á Fáskrúðsfjörð. Bjarni, sem Fáskrúðsfirðingar þekka betur sem Bjarna á Ljósalandi, hafði aðeins verið í kringum slökkviliðið og lögreglu í Reykjavík, og þekkti því örlítið til þeirra starfa. Í kringum Bjarna myndaðist hópur næstu árin, sem hafði áhuga á því að koma upp sjúkrafreið á Fáskrúðsfirði og mannskap til hjálpar.

Þörfin var sannarlega fyrir hendi, bifreiðin sem ætluð var í þessi verkefni var eina lögreglubifreiðin á staðnum, sem oftar en ekki var útæld og illa farin að innan eftir „góðar“ helgar, auk þess að vera stundum upptekin í öðrum lögreglutengdum verkefnum. Þá var einungis einn lögreglumaður á staðnum, Geir Helgason, sem oftast stóð einn í útköllum og sjúkraflutningum. Einnig varð til hópur sem hélt við þekkingu á fluglínutækjunum, sótti þau í kjallara Skrúðs og fann þeim nýjan stað í slökkvistöðinni. Á haustmánuðum 1974 hélt svo hluti þessa hóps æfingu með fluglínutæki björgunarsveitarinnar og í framhaldinu kviknaði áhugi á því að endurreisa björgunarsveitina.

Úr varð að fundur var boðaður í félagsheimilinu Skrúði þann 9. febrúar 1975 í Björgunarsveit SVFÍ í Fáskrúðsfirði, þar sem endurreisnarhópurinn kom saman, skipaði nýja stjórn, og byggði þann grunn sem björgunarsveitin stendur á í dag.

Á þennan fund mættu:

Albert Kemp, Baldvin Guðjónsson, Bjarni Björnsson, Björgvin Baldursson, Erlendur Jóhannesson, Friðrik Jóhannesson, Geir Helgason, Guðni Kristinsson, Helgi Guðlaugsson, Lars Gunnarsson, Óðinn Traustason, Reynir Jónsson, Stefán Albertsson, Sævar Sigurðsson og Þorsteinn Bjarnason.

Í hópnum voru einnig eftirtaldir aðilar, þó þeir væru ekki á þessum fundi: Einar Stefánsson, Guðmundur Hallgrímsson, Hörður Garðarsson, Óskar Gunnarsson og Stefán Jónsson.

Í stjórn voru kjörnir þeir Bjarni, Björgvin og Erlendur, og þeim falið að koma upp starfhæfri björgunarsveit svo fljótt sem verða mætti.

Björgunarsveitarmenn, Slysavarnadeildarkonur og félagar í Fáskrúðsfjarðardeild Rauða kross Íslands tóku svo höndum saman um söfnun fyrir sjúkrafreið. Myndarlegir styrkir fengust meðal annars frá Kaupfélagi Fáskrúðsfjarðar, sveitarfélaginu Búðahreppi og Rauða krossi Íslands, sem setti það skilyrði fyrir sínum styrk að sjúkrafreiðin yrði eign og rekin af Fáskrúðsfjarðardeild Rauða krossins, sem varð úr.

Fyrsti sjúkrabíll Fáskrúðsfirðinga var jeppi af gerðinni International Harvester Scout, sem gerður var að sjúkrabíll inni á Ljósalandi hjá Bjarna og sáu tveir hagleikssmiðir, þeir Baldur Guðlaugsson og Erlendur Jóhannesson um að smíða innréttingarnar í bílinn.

Björgunarsveitin tók svo að sér að manna bílinn og gerði alla tíð á meðan sjúkrabílar voru reknir af Fáskrúðsfjarðardeild Rauða kross Íslands.

Strax um og eftir 1975 fór svo að verða til aukinn björgunarbúnaður og tæki hjá björgunarsveitinni, CB talstöðvar, sjúkrabúnaður, áttavitar og kort, börur, fjallabúnaður ýmis konar svo sem línur, broddar, ísaxir, broddstafir og þess háttar búnaður. Árið 1976 fékk björgunarsveitin fyrsta björgunarbátinn, Zodiac slöngubát. Björgunarsveitarmenn höfðu þá lagt mikla vinnu í dagskrá fyrir sjómanna daginn árið áður, voru með sjoppu í vigtarskúrnum, seldu merki og héldu dansleik um kvöldið, og var afrakstur þessarar vinnu notaður í bátakaupin.



Upphaflega merkið.



Eftir breytingu.

Merki björgunarsveitarinnar breytt

Árið 1999 voru Slysavarnafélag Íslands og Landsbjörg, tvö félagasamtök sem höfðu björgunarsveitir starfandi undir sínum merkjum, sameinuð í eitt félag sem fékk nafnið Slysavarnafélagið Landsbjörg. Við þessa breytingu urðu margar björgunarsveitir að breyta merki sínu, þar sem í þeim voru oft tilvísanir í gömlu félögin sem nú voru ekki lengur til.

Tillögur voru einnig gerðar að nýju merki fyrir björgunarsveitina Geisla, en engin fékk sérstaklega góðan hljómgrunn, þar sem menn sáu það ekki fyrir sér sem almennilegan arftaka merkisins sem fylgt hafði sveitinni þetta lengi og margir ákaflega stoltir að bera. Úr varð að lokum, að fengið var leyfi höfundar til að fella bara út stafina SVFÍ, skammtasti Slysavarnafélags Íslands sáluga, og merkið því nánast það sama á eftir.

Sjóflokkurinn og bátarnir

Þann 26. desember 1986 fórst tankskipið Syneta við Skrúðinn, og fórust allir tólf skipverjarnir, sex Bretar og sex menn frá Grænhöfðaeyjum. Sjó lík áhafnarmeðlima fundust af björgunarmönnum.



Sjóflokkur björgunarsveitarinnar með Zodiac slöngubátinn.

Fyrsti björgunarsveitarbíllinn var svo keyptur um 1978, frambyggður rússajeppi (UAZ), en fram að því höfðu félagar björgunarsveitarinnar lagt til sína eigin bíla í útköll og önnur störf björgunarsveitarinnar.



Fyrsti björgunarsveitarbíllinn.

Björgunarsveitin fær nafnið Geisli

Á félagsfundi björgunarsveitarinnar þann 29. apríl 1975 var ákveðið að gefa björgunarsveitinni nafnið Geisli og var merki fyrir björgunarsveitina valið úr nokkrum tillögum. Merkið var teiknað af Stefáni Jónssyni.

Þetta sjóslys varð síðar dálítill vendipunktur í áherslu björgunarsveitarinnar Geisla í sjóbjörgunarmálum, þegar menn áttuðu sig á því að öflugur hraðskreiður björgunarbátur hefði þarna bjargað mannlífum. Litlu opnu slöngubátarnir máttu sín lítills við þær aðstæður sem þarna voru, sjóhæfni þeirra og ganghraði var ekki upp á marga

fiska í lok desember fyrir opnu hafi.

Björgunarsveitarmönnum varð því ljóst að öflugan björgunarbát þyrfti sveitin að eignast og eiga öflugan sjóflokk, en alvöru bátur var of dýr fyrir litla björgunarsveit, sem einnig var að reyna að koma sér upp húsnæði undir starfsemi sína.

Markmiðið gleymdist þó ekkert og því tókst að ná og fyrsti stóri harðbotna björgunarbáturinn var keyptur árið 1995, notaður frá björgunarsveitinni á Höfn í Hornafirði. Báturinn var af gerðinni Viking, smíðaður í Danmörku og fékk nafnið Guðjón Gunnarsson, í höfuðið á ungum dreng, félagi flestra þeirra sem sjóflokkinn skipuðu, sem látist hafði af slysförum nokkru áður. Báturinn var búinn 165 hestafla dieselvél og var um 8 metra langur. Guðjón Gunnarsson reyndist góður sjóbátur, en varð dýr í rekstri, aðallega



Guðjón Gunnarsson (7440).

vegna bilana, og reyndist ekki nægilega áreiðanlegur, með einungis einni vél og einu hældrifi. Báturinn var svo seldur til einstaklings, sem seldi hann til köfunarþjónustufyrirtækis í Hafnarfirði. Næsti stóri harðbotnabátur sjóflokksins var af gerðinni Atlantic 75, 7,5 metra langur, smíðaður í Bretlandi af skipasmíðastöð breska sjóbjörgunarfélagsins (NRLI) og keyptur notaður af því félagi árið 2010.

Báturinn var keyptur án véla og allra tækja, og voru settar á hann tvær nýjar 75 hestafla utanborðsvélar og öll tæki ný.

Báturinn fékk nafnið Hafdís, í höfuðið á slysavarnardeildinni á staðnum, sem fyrir utan að hafa átt frumkvæðið af því að björgunarsveitin var stofnuð, hefur reynt björgunarsveitinni ákaflega góð „mamma“ í gegnum árin.

Hafdís reyndist gríðarlega góður sjóbátur í þeim að-

stæðum sem björgunarbátur þarf að vinna við og var vel tækjum og búnaði búinn. Galli hans var að hann var opinn, það er að segja lítið skjól var fyrir áhöfn, og aðra sem taka þyrfti um borð, og því erfitt bæði að sækja fólk mjög langt út á haf og fyrir áhöfn að halda út, til dæmis í langri leit í mjög köldu veðri.



Stefni Synetu upp úr sjónum við Skrúðinn.

Báturinn var svo seldur í byrjun ársins 2016 til björgunarsveitarinnar Heimamanna í Reyk-hólahreppi.

Í lok ársins 2015 rættist svo langþráður draumur sveitarinnar, þegar skrifað var undir smíðasam-



Hafðís (7677). Mynd: Jónína G. Óskarsdóttir.

ing við skipasmíðastöðina Rafnar í Kópavogi á nýjum, lokuðum björgunarbát fyrir björgunarsveitina. Báturinn er af gerðinni Leiftur 1100 SAR, og er 11 metra langur með tveimur 250 hestafla utanborðsvélum og ganghraða upp á rúmar 40 sjómílar og með byltingarkenndu skrokklagi. Nýi báturinn fékk einnig nafnið Hafðís, af sömu ástæðu og fyrri bátur.

Hafðís er ákaflega vel búinn tækjum og öðrum búnaði og tók sjöflokkur björgunarsveitarinnar þátt í hönnun á ýmsu í bátnum.



Hafðís (7750). Mynd: Grétar Helgi Geirsson.

Björgunarsveitarbíllarnir

Björgunarsveitin Geisli hefur í raun ekki átt margar bifreiðar í gegnum þessi 50 ár og skýrist það einna helst af því að aldrei hefur verið farið í það að kaupa nýja bifreið, bara til að kaupa nýja bifreið. Notagildið hefur fyrst og fremst ráðið.

Fyrsti bíllinn var UAZ 450, frambyggði rússajepinn sem fyrr er minnst á, keyptur 1978, og var bíll þess tíma.

Árið 1985 kom svo arftaki rússajepans, Mercedes Benz Unimog, sem fluttur var inn frá Þýskalandi og hafði verið þar í þjónustu slökkviliðs. „Múkkinn“ var kröftugt tæki, sem fór kannski ekki hratt yfir en var ansi öflugur og nýttist vel í störfum björgunarsveitarinnar þá.

Árið 1991 flutti björgunarsveitin svo sjálf inn nýjan Ford Econoline 250 frá Bandaríkjunum, og var honum að öllu leyti breytt af félögum björgunarsveitarinnar. Árni Sigurður Jónsson átti stærstan hlut í því, hann sá um að hækka bíllinn



Mercedes Benz Unimog („Múkkinn“) Ungi drengurinn á myndinni heitir Sólvi Kristinn Jónsson. Mynd: Bjarni Björnsson.

upp, setti undir hann framhásingu, millikassa og fleira og breytti bílnum fyrir 33“ dekk, sem þá þóttu bara býsna stór.

Bíllinn tók 12 manns í sæti og var mjög auðvelt að taka úr honum sætin ef nota þyrfti hann í annað, til dæmis til að flytja liggjandi

mann, sem kom fyrir, þegar vantaði auka sjúkrabíl. Bíllinn var mjög vel heppnaður og reyndist vel. Bíllinn var þó nokkuð þungur og komst ekki alltaf allt í miklum snjó, frekar en margir aðrir bílar á þessum tíma.

Dekkin fóru svo stækkandi og jeppar urðu öflugri, fóru að komast lengra og notagildi Econoline fór minnkandi.

Sumarið 1999 var Ford Econoline bifreiðin svo seld og keyptur var nýr Land Rover Defender 110, sem var breytt fyrir 38“ dekk. Land Roverinn fékkst á góðu verði og var nokkuð vinsell



Ford Econoline E250, breytt í björgunarsveitarbíl að öllu leyti heima.

há mörgum björgunarsveitum á þessum tíma, þar sem hann þótti einnig mjög léttur.

Áfram héldu svo dekk að stækka og Land Rover var farinn að sitja eftir og ekki gott fyrir sveitina að komast ekki til þeirra sem nú voru á öflugri bílum, en vantaði aðstoð.



Land Rover Defender 110, var yfirleitt kallaður „Robbinn“.

Land Rover var svo seldur árið 2007 og núverandi bifreið, Nissan Patrol keypt ný, og breytt fyrir 44“ dekk. Patrol-inn fékkst einnig á hagkvæmu verði, þar sem sjö björgunarsveitir tóku sig saman og létu bjóða í átta bíla, bæði bílana sjálfa og breytingarnar. Þessi bifreið dugir björgunarsveitinni ennþá vel í það sem henni er ætlað.

Árið 2012 bætti björgunarsveitin svo við VW Transporter T5, árgerð 2005, til að spara meira Patrol og nota í þau verkefni sem ekki kalla á breytta jeppabifreið. Þessi bifreið var keypt notuð og hefur reynst sveitinni



Nissan Patrol, á 44“ dekkjunum fyrir framan núverandi húsnæði björgunarsveitarinnar, að Grímseyri 9. Mynd: Grétar Helgi Geirsson.

afskaplega vel, meðal annars við fólksflutninga og hafa slysavarnakonurnar einnig notið góðs af honum þegar þær hafa átt leið á fundi eða aðra viðburði.

Húsakostur og búnaður

Fyrstu árin var lítil þörf á húsnæði undir starfsemi björgunarsveitarinnar. Fluglínutækin fengust í upphafi geymd í kjallaranum á Skrúði og síðar í slökkvistöðinni, annar búnaður var lítill, og auðvelt að fá inni fyrir fundi meðal annars í slökkvistöðinni, í verkalyðshúsinu og Skrúði.

Eftir endurreisnina og komu sjúkrabílsins, var sjúkrabílnum komið fyrir í tvöföldum bílskúr við Hafnargötu, sem stóð á milli Félagsgarðs og Læknishússins. Þar fékk björgunarsveitin svo inni með Zodiac slöngubátinn og eitthvað af sínum búnaði, auk þess sem björgunarsveitarbíllinn var oft geymdur við skúrinn.



Bílskúrin austan við Læknishúsið og við hann fyrsti björgunarsveitarbíllinn og fyrsti sjúkrabíllinn á Fáskrúðsfirði. Mynd: Bjarni Björnsson.

Upp úr 1980 fékk björgunarsveitin svo lítinn skúr, sem stóð við Skólaveg 50b, til afnota, og var í eigu Rafmagnsveitu Ríkisins. Þar var meðal annars sett upp stjórnstöð og skápar fyrir einstaklingsbúnað björgunarsveitarmanna.

Björgunarsveitin Geisli, Fáskrúðsfjarðardeild Rauða kross Íslands og Slysavarnadeildin Hafðís sameinuðust svo um að byggja hús undir starfsemi sína árið 1988, að Grímseyri 9, og hýsir það starfseminu í dag. Húsið var nokkuð lengi í byggingu, þar sem ekki var framkvæmt neitt nema félögin ættu fyrir því. Starfsemin fluttist þó í nýbygginguna haustið 1990, þó ekki væri búið að klára húsið að innan.

Ungliðadeildin Logi

Árið 1984 var stofnuð ungliðadeild innan björgunarsveitarinnar sem fékk nafnið Logi. Frumkvæðismaður að stofnun ungliðadeildarinnar var Bjarni Björnsson og var markmiðið með



Núverandi húsnæði björgunarsveitarinnar, að Grímseyri 9. Mynd: Grétar Helgi Geirsson.

henni að gefa unglingum á aldrinum 14 til 18 ára tækifæri til að öðlast ýmsa þekkingu, sem nýttist síðar mögulega í björgunarstörfum, eða bara í lífinu sjálfu.

Starf ungliðadeildarinnar fór rólega af stað, en varð svo nokkuð vinsælt meðal unglinga og sér-



Ungliðar að læra skyndihjálp. Mynd: Grétar Helgi Geirsson.

staklega var starfið öflugt og óslitið á árunum milli 1990 og 2005.

Í seinni tíð hefur framboð á alls konar tómsundum og íþróttum fyrir unglinga aukist mjög, og ungliðadeildin orðið minni, auk þess sem erfðara er orðið að fá aðila til að halda úti því mikla starfi, sem umsjón með ungliðadeild er, í sjálfböðavinnu.

50 ára afmælishátíðin – móttaka á nýjum björgunarbát

Laugardaginn 4. júní síðastliðinn, daginn fyrir sjómannadag, kom Hafðís, ný björgunarbátur



Unglingadeildin Logi á sínu fyrsta Landsmóti árið 1988. Efri röð f.v.: Rafn Heiðar Ingólfsson, Helga Snædal Guðmundsdóttir, Nökkevi Dan Kristmannsson, Björn Kristinn Bjarnason, Grétar Helgi Geirsson, Sigþór Rúnarsson. Neðri röð f.v.: Vignir Örn Stefánsson, Sigurður Elmar Birgisson, Guðrún Íris Valsdóttir, Jónas Friðrik Steinsson, Þórður Már Jónsson, Hulda Sigrún Guðmundsdóttir, Hanna Guðbjörg Þorgrímsdóttir. Mynd: Bjarni Björnsson.

björgunarsveitarinnar, svo til heimahafnar. Báturinn var fluttur landleiðina úr skipasmíðastöðinni í Kópavogi til Hafnar í Hornafirði, þar sem hann var sjósettur, honum siglt heim og kom inn í hópsiglingu skipa og báta frá Fáskrúðsfirði í tilefni sjómannaðagsins.

Á sjómannaðaginn sjálfan var svo haldið upp á 50 ára afmæli björgunarsveitarinnar Geisla og komu nýja björgunarbátsins, með veglegri kökuveislu, sem slysavarnadeildarkonur gáfu björgunarsveitinni í tilefni dagsins. Um 170 manns mættu í Skrud þar sem veislan var haldin. Meðal gesta voru Smári Sigurðsson formaður Slysavarnafélagsins Landsbjargar, Gísli V. Sigurðsson stjórnarmaður Slysavarnafélagsins



Mynd frá 50 ára afmælishátíðinni. Mynd: Jónína G. Óskarsdóttir.



Stjórn björgunarsveitarinnar Geisla, f.v. Hörður Árnason meðstjórnandi, Málfríður Hafðís Egisdóttir ritari, Grétar Helgi Geirsson formaður, Jökull Fannar Helgason varaformaður, Hans Óli Rafnsson gjaldkeri. Mynd: Pétur Björgvinsson.

Landsbjargar, Björn Jónsson framkvæmdastjóri bátasmíðjunnar Rafnar, Friðrik Mar Guðmundsson framkvæmdastjóri Loðnuvinnslunnar (LVF) og kaupfélagsstjóri, Lars Gunnarsson stjórnarformaður LVF, Elvar Óskarsson stjórnarmaður

LVF og Kaupfélags Fáskrúðsfirðinga, Páll Björgvin Guðmundsson bæjarstjóri Fjarðabyggðar og Steinþór Pétursson hafnarstjóri Fjarðabyggðarhafna. Björgunarsveitinni voru færðar myndarlegar gjafir í tilefni tímamótanna, meðal annars 3 milljónir frá Loðnuvinnslunni og Kaupfélagi Fáskrúðsfirðinga, en það var sú upphæð sem uppá vantaði til að full fjármagna kaupin á nýja björgunarbátnum. Kom þessi gjöf mjög á óvart þar sem Loðnuvinnslan hafði þegar styrkt verkefnið veglega, og uppskar mikið lófaklapp frá veislugestum. Í afmælisveislunni stóð til að heiðra Bjarna Björnsson, með því að gera hann að fyrsta heiðursfélaga björgunarsveitarinnar Geisla, og þakka honum þannig fyrir allt það óeingingjarna starf sem hann hefur unnið fyrir björgunarsveitina og samfélagið.

Bjarni gat því miður ekki verið viðstaddur, þar sem einnig var verið að skíra nýjasta barnabarn hans þennan dag, en þessu til staðfestingar var útbú-



Vidurkenningskjöldur Bjarna, fyrsta heiðursfélaga björgunarsveitarinnar Geisla.

inn áletraður skjöldur sem Bjarni fær afhentan. Björgunarsveitin Geisli þakkar öllum þeim sem heiðruðu hana með komu sinni í afmælið, fyrir hlýjar kveðjur í sinn garð og síðast en ekki síst fyrir þær gjafir sem sveitinni voru færðar.

Stefna björgunarsveitarinnar Geisla

Stefna björgunarsveitarinnar Geisla hefur alltaf verið að vera sem best í stakk búin að bregðast við í nærumhverfi hennar og miða búnað hennar fyrst og fremst við það, en að sjálfsögðu er farið lengra til þegar kallað er eftir aðstoð og hægt að bregðast við því. Félagar úr björgunarsveitinni Geisla hafa meðal annars farið í útköll um allt Austurland, á Norðurland, upp á jökla og á hálendið og alveg suður á Mýrdalsjökul. Þá hefur alltaf verið farið vel með það fé sem björgunarsveitin hefur aflað til starfsemi sinnar enda annað hvort mikið búið að hafa fyrir því að afla þess með vinnu félaganna, eða um gjafafé einstaklinga og fyrirtækja að ræða, sem ekki er gengið að sem vísu.

Björgunarsveitin kann öllum þeim sem styrkt hafa starfsemi hennar í gegnum árin miklar þakkir fyrir, án ykkar stuðnings værum við ekki til fyrir samfélagið.

Þá eiga allir þeir sem starfað hafa fyrir björgunarsveitina í gegnum árin þakkir skyldar fyrir sitt förnfúsa og óeingingjarna starf.

Texti: Sindri Már Smáráson

Myndir: Ýmsir

Áhugafélag um hvalstöðina á Fögrueyri

Stofnað hefur verið áhugafélag um hvalstöðina á Fögrueyri í Fáskrúðsfirði. Meginmarkmið þess er að upplýsa áhugamenn um starfsemi og umsvif hvalstöðvarinnar á sínum tíma, auka aðgengi að upplýsingum og stuðla að varðveislu fornminja á Fögrueyri. Í bígerð er að láta teikna heildarmynd af hvalstöðinni en engin ljósmynd af stöðinni í heild sinni hefur varðveist heldur aðeins ljósmyndir af einstökum byggingum, því þyrfti töluvert að fylla í eyðurnar. Þessi yfirlitsmynd kæmi til með að prýða upplýsingaskilti við þjóðveginn fyrir ofan Fögrueyri með nánari upplýsingum um hvalstöðina.

Áhugafélagið hefur einnig áhuga á því að fá fornleifafræðing til að rannsaka Fögrueyri.

Núna í apríl 2016 eru liðin 113 ár frá því að hinn þýski dr. Paul og norskir samstarfsmenn hans sigldu inn Fáskrúðsfjörð á gufuskipinu Vesta sem hlaðið var byggingarefni í heila hvalstöð. Tilgangurinn var að reisa fyrstu hvalstöð hins nýstofnaða félags: Germania Walfang und Fischindustrie. Fagraeyri í Fáskrúðsfirði hafði verið valin og tekin á leigu undir starfsemina og var þegar hafist handa við að reisa stöðina. Hvert húsið reis á fætur öðru: Ketilhús, verkstæðishús og smiðja, spikbræðsluhús, kjötsuðuhús, gúanóverksmiðja, pressuketilshús, tveir íbúðarbraggar, geymsluhús fyrir bensín, geymsluhús fyrir lýsi, tvær lagerbyggingar, bakarí, bryggja með

sporbrautum fyrir vagna, stórt flensiplan og síðast en ekki síst íbúðarhús veiðistjórans og fjölskyldu hans, en það var ávallt kallað Villan. Villan var eitt glæsilegasta húsið í firðinum og þó víðar væri leitað, timburhús á steypum grunni sem má vel sjá ummerki um enn þann dag í dag á Fögrueyri. Undanfari alls þessa var áhugi þýskra stjórnvalda og fjárfesta á að standa að uppbyggingu hvalstöðvar á Íslandi. Megin tilgangur þeirra var að taka þátt í miklum uppgangi hvalveiða í norðurhöfum í kjölfar þess að Sven Foyh hafði fundið upp nýja aðferð við veiðar á reyðarhvólum. Norðmenn höfðu reist sínar hvalstöðvar hverja á fætur annarri á Austfjörðum og Vestfjörðum. Undir lok 19. aldar fékk hið þýska fyrirtæki Der Deutsche Seefischerei Verein, hér eftir nefnt DSV, það hlutverk að fylgjast með hvalveiðum í norðurhöfum og var verkefnið styrkt af þýska ríkinu. Á Bjarnarey, suður af Svalbarða, voru gerðar tilraunir við hvalvinnslu og voru sjö hvalir skornir, hráefnið var flutt þaðan í fiskimjólverksmiðju Pillau í Prússlandi þar sem það var unnið í tilraunaskyni. Stjórnarformaður DSV var dr. Walter Herwig en hann hafði mikinn áhuga á hvalveiðum og hvatti til þess að Þjóðverjar hæfu veiðar á hvólum í norðurhöfum. Í fiskimjólverksmiðjunni á Pillau starfaði söguhetjan okkar, Carl Maria Johannes Cornelius Paul, hann var efnafræðingur og stjórnaði tilraunum með úrvinnslu á því hráefni sem borist hafði frá Bjarnarey. Það

má að öllum líkindum ætla að hinn mikli áhugi sem Carl Paul fékk á hvalveiðum og vinnslu á hvólum hafi kviknað á þessum tímamarki. Hann hóf fljótlega að kynna sér allt það sem að hvalveiðum laut og vinnslu hvala.

Árið 1900 var Carl Paul sendur til Íslands til að kynna sér aðstæður fyrir hugsanlega hvalstöð. Hann dvaldi í hvalstöðinni á Stekkeyri í Hesteyrarfirði og þekkti til veiðistjóra stöðvarinnar. Á þessum tíma voru flest félög farin að huga að því að færa

starfsemi sína til Austfjarða frá Vestfjörðum og þessi sjónarmið fékk Carl Paul beint í æð. Árið eftir kom Carl Paul aftur til Íslands og hélt áfram að kynna sér allt sem kom að hvalveiðum. 1902 lauk Carl Paul doktorsprófi og er eftir það ávallt nefndur dr. Paul. Þetta sama ár heimsótti dr. Paul Ísland í þriðja sinn og var nú eini tilgangurinn að finna heppilegan stað fyrir hvalstöð. Fagraeyri varð fyrir valinu og í ágúst var gerður leigusamningur við eigendur Víkurgerðis um leigu Fögrueyrar. Eftir þetta fóru hlutimír að gerast hratt. Hið þýska hvalveiðifélag Germania Walfang und Fischindustrie AS, hér eftir nefnt GWFI, var stofnað í desember 1902. Þetta félag átti að reisa hvalstöð á Fögrueyri og hefja útgerð hvalveiðibáta árið eftir. Dansktt dótturfélag var stofnað í kjölfarið sem var nefnt Island Hvalindustri A/S og var eini tilgangur þess að uppfylla kröfur sem dönsk stjórnvöld gerðu til erlendra manna sem hugðust hefja atvinnustarfsemi á Íslandi, því var það danska dótturfélagið sem átti hvalstöðina á pappírnum. Dr. Paul skyldi verða veiðistjóri félagsins og fljótlega eftir stofnun GWFI var gengið frá samningum við norska skipasmíðastöð um smíði tveggja hvalveiðibáta fyrir hvalstöðina. Hálfu ári síðar höfðu báðir bátarnir verið sjósettir, sá fyrri í maí 1903 og fékk nafnið Island og sá seinni í júní og fékk nafnið Germania. Bátarnir voru systurskip, 106 tonn að stærð.


Í apríl 1903 færðist líf yfir Fögrueyri. Eins og áður sagði sigldu dr. Paul og starfsmenn hans inn Fáskrúðsfjörðinn á gufuskipinu Vesta með byggingarefni, tæki og tól í heila hvalstöð. Húsin risu hratt og hvert á fætur öðru. Að einu leyti var hvalstöðin á Fögrueyri frábrugðin hinum hvalstöðvunum á Austfjörðum sem allar voru norskar verksmiðjubyggingar. Þær voru ekki timburhús heldur voru þær stálgrindarhús klæddar járn. Einnig voru undirstöður undir vélar og katla steinsteyptar en á norsku stöðvunum voru þær hlaðnar úr múrsteini. Umsvifin á Fögrueyri vöktu mikinn áhuga og eftirtekt heimamanna á Fáskrúðsfirði og víðar. Aldrei fyrr höfðu menn séð vélvædda verksmiðju rísa af grunni. Hvalstöðin var í daglegu tali kennd við hið þýska hvalveiðifélag og nefnd Germania eða hún var nefnd eftir veiðistjóranum sem var lengst af dr. Paul og kölluð Dr. Pauls-stöð. Í lok júní komu hvalveiðibátarnir tveir til Fáskrúðsfjarðar og héldu þeir til veiða 1. og 2. júlí. Áhafnir bátanna voru norskar og sömuleiðis skytturarnar á bátunum en þær stjórn-



Hvalveiðibáturinn Island kemur með hval til hvalstöðvarinnar sumarið 1905.



Villan, veiðistjórabústaðurinn.



Vinkonurnar Anne Grohmann og Bertha Stapel á flensiplani stöðvarinnar sumarið 1905.

uðu hvalskutulnum og sinntu skipstjórn. Skytta Germania var P.C. Brodersen og H. Backmann var skytta á Island. Verkstjórnin á hvalstöðinni var hinn norskí Edward Abrahamson. Hann bjó yfir mikilli reyngu á sviði vinnslu hvalaafurða enda hafði hann starfað fyrir Svend Foyn í 12 ár. Þó stöðin væri eina þýska hvalstöðin á Íslandi og undir stjórn hins þýskættaða dr. Paul störfuðu þar fáir Þjóðverjar. Dr. Paul hafði dvalið um hríð í Noregi og var norskur ríkisborgari, talaði og skrifaði á norsku og átti þar að auki norska konu. Íslendingar komu lítið við sögu hvalstöðvarinnar. Einhverjir munu þó hafa komið við sögu byggingar hennar og við losun og affermingu skipa.

Fyrstu vertíð stöðvarinnar lauk 31. ágúst 1903. Afliinn var 47 hvalir og úr þeim voru framleidd 1428 lýsisföt. Forsvarsmenn GWFI voru ekki ánægðir með þennan árangur þrátt fyrir að vertíðin hefði hafist seint. Veiði bátanna var töluvert undir meðaltalsveiði á vertíðinni hjá norsku veiðifélagunum enda voru hinar norsku skyttur óvanar íslenskum aðstæðum. Þar að auki komu upp hin ýmsu vandamál við vinnslu á hvalnum sjálfum og flest þeirra mátti rekja til þess búnaðar sem dr. Paul hafði þróað og látið smíða fyrir stöðina. Búnaðurinn þótti flókinn og bilanagjarn. Þýska ríkið hafði styrkt félagið um 25 þúsund mörk en þrátt fyrir það var taprekstur þetta fyrsta starfsárs hvalstöðvarinnar á Fögrueyri. Vertíðin 1904 gekk mun betur í hvalstöðinni og komu hvalveiðibátarnir tveir með samtals 85 hvali til vinnslu á Fögrueyri og voru framleidd úr þeim 2550 lýsisföt. Þetta þótti góð veiði samanborið við veiði hjá öðrum félögum. Þrátt fyrir þetta voru forsvarsmenn GWFI ósáttir við afkomuna því þrátt fyrir góða veiði olli tækjabúnaður dr. Paul vandræðum í vinnslu og afurðaverð á hvalalýsi lækkaði þetta ár. Aftur styrkti þýska ríkið félagið um 25 þúsund mörk en þrátt fyrir það var þetta annað rekstrarár gert upp með tapi. Til að bregðast við þessu tók GWFI þá ákvörðun að senda einn aðalhluthafanna, Heinrich Grohmann, til Íslands á vertíðinni í þeirri von að hann gæti snúið rekstri félagsins við. Hann ræddi við starfsmenn hvalstöðvarinnar og athuganir hans voru á einn veg, hann var sá að tækjabúnaður dr. Paul stæði starfsemi fyrir

þrifum því hann væri í senn flókinn, óhagkvæmur í rekstri og bilanatíðni há. Þetta leiddi til þess að dr. Paul var rekinn úr stöðu veiðistjóra í lok vertíðarinnar og Grohmann tók við starfi veiðistjóra tímabundið í hans stað.

13. maí 1905 kom Grohmann til Fögrueyrar. Hann var ennþá veiðistjóri og hafði tekið með sér tvær stúlkur í þetta sinn. Dóttur hans, Anne og vinkonu hennar, Berthe Stapel en hún var systir tengdasonar Grohmanns. Eftir Berthe



Á flensiplaninu sumarið 1905.

liggur dagbók sem hún skræði í færslur um veru sína á Fögrueyri og ljósmyndir með myndum frá stöðinni og nánasta umhverfi hennar. Grohmann gegndi starfi veiðistjóra til 22. júlí en þá kom nýráðinn veiðistjóri, Julius Tadsen, til Fáskrúðsfjarðar. Veiðin fór vel af stað en þrátt fyrir allt olli vertíðin vonbrigðum þegar upp var staðið. Heildarveiðin var einungis 60 hvalir og úr þeim voru unnin 1800 lýsisföt. Þrátt fyrir þá miklu gagnrýni sem búnaður dr. Paul hafði fengið bendir allt til þess að hann hafi áfram verið notaður þó svo að dr. Paul hafi verið rekinn úr starfi. Hinn nýráðni veiðistjóri, Julius Tadsen lagði það til við lok vertíðarinnar að hvalveiðum frá Fögrueyri yrði hætt enda höfðu veiðar heilt yfir dregist saman og ólíklegt að rætast myndi úr þeim. Hann lagði til að starfsemin yrði flutt í Suðurhöfin. Tillagan var rædd innan GWFI en það þótti of mikil áhætta að flytja starfsemina í Suðurhöfin, en margir voru sammála þeirri tillögu Tadsen að hætta starfsemi á Íslandi. Því varð úr að þegar vertíðin hófst árið 1906 var allt hljótt á Fögru-

eyri. Verksmiðjuhúsin stóðu auð og yfirgefin og verksmiðjuskroldið sem borist hafði frá eyrinni síðustu þrjú sumur var þagnað. 30. apríl 1908 var þýska hvalveiðifélaginu GWFI slitit og allri starfsemi þess var þar með lokið. Hvalstöðin á Fögrueyri ásamt öllum búnaði var seld til Chr. Salvesen & Co sem var skoskt hvalveiðifélag. Aldrei kom til álita af hálfu þess að hefja starfsemi á ný á Fögrueyri og sumarið 1908 var stöðin rífin niður og húsum og tækjabúnaði skipað um borð í flutningaskipið Coronada. Sumir telja þó að timbur úr Villunni hafi verið nýtt í íbúðarhúsi á Fáskrúðsfirði en þær sögusagnir eru á reiki. Coronada var svo siglt til Falklandseyja með viðkomu á Skotlandi. Stöðin var svo endurreist á New Island og kom fyrsti hvalurinn til vinnslu þar hinn 16. janúar 1909.

Olaus Johansen var einn þeirra manna sem hafði tekið þátt í því að rífa stöðina á Fögrueyri og endurreisa hana á Falklandseyjum. Hann hafði orð á því hvað tækjabúnaðurinn á Fögrueyri hefði verið góður og nýstárlegur, og þá minnst hann sérstaklega á vél sem muldi bein, olíukynta beinasuðu, spikpressu og tólf pressukatla.

Dr. Paul hafði ekki alveg sagt skilið við Ísland því hann sneri aftur og reisti síldarverksmiðju á Siglufirði 1926 og fódurmjólverksmiðju á Norðfirði árið 1927. Dr. Paul er talinn sá Þjóðverji sem mest hefur komið við íslenska atvinnusögu. Þeir sem vilja kynna sér félagið betur er bent á að hafa samband við greinarhöfund. Þeir sem vilja lesa sér betur til um Hvalstöðina á Fögrueyri er bent á bók Smára Geirssonar, *Stórhvalveiðar við Ísland til 1915*, sem kom út árið 2015.

Sérstakar þakkir: Smári Geirsson.



Steinsteyptar undirstöður véla og tækja hvalstöðvarinnar á Fögrueyri.

Texti: Serge Lambert

Þýðing: Björn Jónsson

Myndir: Serge Lambert og fleiri

Dundee Skútan Sankti Pétur



Það var fyrir réttum sjötíu og þremur árum, í miðri heimstýrjöldinni síðari árið 1943, og tiltölulega skömmu eftir að hörmungar þess ófriðar höfðu skolið á þáverandi heimahöfn minni Dunkerque, að maður nokkur, sem við þekkjum því miður ekki með nafni, ákvað að glæða mig lífsneista á ný og skara þannig eld að minningunum um þann eigi svo allfjarri góða tíma þegar siglingarnar á Íslandsmið stóðu sem hæst. En það var einmitt þá sem ég sigldi hvað eftir annað í norðurátt upp með Englandsströndum og lagði síðan á úthafið uns hrjóstugar Íslandsstrendur risu úr sæ. Til þess að leggja út í slíkt ævintýri, þá þurftu menn að vera „léttgeggjaðir“ eins og það er orðað á okkar dögum, en jafnframt eitilharðir og fylgnir sér. Sá „guli“ gaf sig reyndar ekki lengur jafn vel og áður, en siendurtekna vonin um enn eitt hörkufiskirí og bullandi uppgríp hvatti þó menn enn til dáða. Upp úr miðjum seinni helmingi nítjándu aldar heyrðust þær svartsýnisraddir að skútur með mínu lagi væru úreltar og mundu aldrei standast hinum glæsilegu, hraðskreidu og lipru Íslandsgólettum snúning. En það var sko eitthvað annað! Það voru nefnilega mínar sterkbyggðu, ávölu lendar og bógur, sem kunnáttumenn renndu stundum athugulum aðdáunaraugum yfir, sem forðuðu mér frá grandí á meðan það var af brothættari systurskipum mínum úr fiskiskipaflotanum sem Ægir konungur tók mun stærri toll við Íslandsstrendur. Reyndar voru það allmargir fákunnandi sem rugluðu mér saman við þær, og rétt er það að alltaf þótti mér hin besta skemmtun að sigla seglum þöndum fyrir góðum byr, en ég var samt talsvert spenntari fyrir þessari spánýju tækni, sem þarna var að stíga sín fyrstu skref, nefnilega hóstandi og sótug skref, fet fyrir fet, ásamt hita-svækju og sprengihættu sem passaði mun betur í minn víða belg heldur en þeirra. Ég er hér að vísa til gufuvélarinnar og öllu öðru fremur til skipsskrúfunnar undraverðu sem skagaði aftur úr henni.

Hér er komið að því að viðurkenna undanbragðalaust að það var, uppúr aldamótunum 1900, með hennar hjálp, sem mér tókst að bjarga mér oftast en einu sinni úr kröppum dansi og smeygja mér fimlega úr krumlum Ægis konungs sem var um það bil að læsa þeim í mig. Eða þá að mér tókst í krafti gufuaflsins að stíma hart undan vindi og komast nokkuð auðveldlega í var inn á íslenskum firði eins og til dæmis Fáskrúðsfirði. Að sjálfsgöðu vorum við alltaf vel birgir um borð af biskvíu og koníaki sem brátt leiddi til liflegra viðskipta við heimamenn, á meðan að hið dyggðuga

líknarfélag, les Œuvres de Mer fylgdist fránum augum með að allt færi vel og skikkanlega fram. Hver veit nema að þarna á firðinum hafi ég komist í návígi við spítalaskipið Sankti Pál í einni af hans hinstu heimsóknum þangað? Semsagt, þegar öllu er á botninn hvolft, þá getum við sagt að þótt ég hafi ekki vakið alveg jafn mikla hrifningu og önnur glæstari fley og reyndar alltaf þótt frekar lítill og óásjálægur á Íslandsmiðum, þá stóð ég mig nú alveg frambærilega í stykkinu og það alveg þangað til ævintýrið um þorskveiðarnar rann sitt skeið á enda.

En þegar hér var komið sögu, þá var ég orðinn minjagripur um þær. En hafið samt ekki áhyggju, ég átti enn nokkur tromp eftir uppi í erminni: Síldveiðar í Norðursjó, strandsiglingar, rá og reiða var ávallt haldið í góðu standi. Eins og þið sjáið, þá er ég traustbyggður eins og forverar mínir.



Hér er búið að sminka mig eins og filmstjörnul

Ég er skorinn út í rauða furu, massívan viðarbút í heilu lagi. Ekkert klístur með lím hér til að festa langborðin á byrðinginn heldur er allt útskorið í heilu lagi. Maður getur ekki annað en dáðst að handbragði útskurðarmeistarans, en jafnframt verður manni fljótt ljóst að hann hefur gjörþekkt til allrar skipulagningar innanborðs auk þess sem rár, siglutré og reiði hafa verið honum gjörkunnug. Taliur eru gerðar úr blýi, hliðarstögin úr stál-vír og bómullarþræði, trissur úr horni og beini.



Jean Verhille og Sankti Pétur rétt fyrir sjósetninguna 2015.

Þótt ég hafi verið orðinn gamall og hrukkóttur, þá tókst mínum góða forverði snilldarlega að „bótoxa“ þær, þannig að nú, eftir yfirhalinguna, lít ég bara þokkalega út og ber bara aldurrinn vel, finnst ykkur ekki?!

Fyrst var ég færður Michel nokkrum Lieven að gjöf, en hann var skipsprestur í Gravelines auk þess sem hann gegndi prestþjónustu í Fletres-sókn, og það má hann Michel eiga að hann hugsaði vel um mig blessaður.

Um Michel vitum við að hann var fæddur 1914 og andaðist 2001, hlaut vígslu í prests-embætti 1939 og var skipsprestur í hafnarbænum Grand-Fort-Philippe frá 1941 til 1944, auk þess sem hann þjónustaði JAC samtökin (Jeunesse Agricole Chrétienne eða Kristileg samtök ungra bænda). Minni mitt frá þessum tíma er orðið frekar gloppótt, en ég minnst þess þó að hafa tekið oftast en einu sinni þátt í minningarathöfnum um horfna sjómenn, einkum þá sem upprunnir voru í hinum vel þekktu bæjarhluta í Gravelines þar sem ég er skrásettur. Kannski fóru þeir líka stundum með mig út undir bert loft til þess að taka þátt í skrudgöngum?

Það er nefnilega orðið ansi langt síðan að ég rakst síðast á risana tvo, hann Islandais (Íslandssjómanninn) og hana Matelote (Sjómannskonuna) á götum bæjarins í Gravelines. En það verð ég að segja í fyllstu einlægni að ég hef saknað þeirra óskaplega mikið, eftir að ég þótti ekki lengur gjaldgengur í skrudgönguna um götur bæjarins

og gæti bara látið mig dreyma um hana. En heyrið mig: Eru þau kannski að hugsa um að skreppa einn góðan veðurdag í gönguna á Frönskum dögum á Fáskrúðsfirði? Það yrði nú aldeilis upplifelsi að rekast á þau þar. Eftir að hafa dvalið fjöldamörg ár hjá honum Michel, þá voru það aðdáunaraugu lítills drengs úr Verhille-fjölskyldunni, en þau voru frændfólk hans, sem leiddu til þess að ég skipti um heimahöfn. Michel, sem var alla tíð örlátur og gjafmildur maður, færði mig þessum litla frænda sínum að gjöf. Nú var ég bjartsýnn á að eftir að hafa þurft að ösla í gegnum suddann og þokuna í Norðursjónum, þá fengi ég aftur tækifæri til þess að sigla á hin vorbjörtu Íslandsmið. En það fór því miður á allt annan veg því hinn nýi eigandi minn, sem hlýtur að hafa ruglast eitthvað á áttavitanum, það kom jú fyrir allra bestu menn, hann flutti mig í þveröfuga átt, suður á bóginn, til litla bæjarins Fitz-James í Picardie-héraði. Á þeim slóðum átti ég nokkur gjöful og góð ár, á meðan minn ungi útgerðarmaður virti mig fyrir sér með aðdáunaraugum. En tíminn hefur alltaf sinn gang, hann óx úr grasi og þegar aðdáunarafl mitt fór óðum þverrandi, þá endaði ég í geymslu uppi á háalofti í heimahúsi móður hans.

Þannig liðu einir þrír áratugir og ég var orðinn gamall, rykfallinn og elli-móður. Hliðarstögin mín góðu úr bómullarþræðinum tóku nú að rakna upp og seglin mín molnuðu í sundur við minnstu snertingu eins og gamalt dagblað sem finnst falið milli þilja í hrörlegu timburhúsi. Enginn í fjöl-



Allt til reiðu í nýjan túr norður á Íslandsmið.



Á skutnum má lesa hvaðan ég er upprunninn.

skyldunni sýndi mér nú lengur hin minnstu vinarhót og brátt kom að því að hreinsa þyrfti út af háaloftinu, líkt og reyndar húsinu öllu þar sem nýir eigendur mundu brátt taka við eignarhaldi á fasteigninni. Ég sá fram á að verða brátt molaður í sprek og notaður til þess að kveikja upp eldinn í arninum. Sjaldan eða aldrei hef ég verið jafn aumur og niðurdreginn. En þegar neyðin er stærst er hjálpin næst. Örlög mín áttu eftir að snar-snúast um einar 180 gráður, þegar gömlu vinirnir þeir Jean Verhille og Serge Lambert hittust einn laugardagsmorgun á útimarkaði í Clermont, heimabæ þess síðarnefnda. Eftir að hafa skálað í lystauka í mesta bróðerni á næsta útikaffihúsi, þá dró minn gamli eigandi vin sinn með sér heim til þess að sýna honum mitt aumkunarverða ástand. Þegar búíð var að sækja mig upp á háaloft og færa mig út í dagsbirtuna, þá gat ég ekki annað en skammast mín fyrir útlitið, en mikið var það samt notalegt að finna smá golu leika aftur um gömlu seglin svo ekki sé nú talað um þegar sólin skein aftur á skutinn, þar sem enn gat að líta máðum stöfum nafn mitt og minnar gömlu heimahafnar: Sankti Pétur frá Grand-Fort-Philippe. Áhrifin létu ekki á sér standa, hann Serge skipasmiður vissi nákvæmlega til hvaða ráðstafana þyrfti að grípa og hver yrði mín næsta heimahöfn.

Köttur úti mýri: Nú er semsagt ég, Sankti Pétur, þorskveiðiskúta af Dundeegerð, upprunnin í Gravelines, eftir æðilanga dvöl í þurrkvi sem var sko alls enginn barnaleikur að afbera, það get ég sagt ykkur, kominn aftur „á miðin“ og á 64°55' norður breiddar og 13°59' vestur lengdar, þar sem ég er lagstur við stjóra við hliðina á spítalaskipinu honum Sankti Páli, og nú til þess að segja fólki frá mínum margvíslegu viðskiptum við Íslendinga og frá hinu mikilfenglega ævintýri og þeim miklu mannaunum sem þorskveiðarnar við Ísland voru á sinni tíð.



Skakað við borðstokkinn og aðgerð á þilfari.



Húsnæðislán

Viðbótarlán við fyrstu kaup og ekkert lántökugjald

Ertu að hugsa um að kaupa þína fyrstu fasteign?

Hjá flestum eru fyrstu fasteignakaupin stærsta fjárhagslega ákvörðun lífsins. Hjá Íslandsbanka færðu frítt greiðslumat, 100% afslátt af lántökugjaldi og allt að 2.000.000 kr. aukalán til kaupa á þínu fyrsta húsnæði.*

Kynntu þér möguleikana á islandsbanki.is og pantaðu tíma hjá húsnæðislánaráðgjafa í næsta útibúi.

*Heildarlánveiting bankans að meðtöldu viðbótarláni er þó að hámarki 90% af kaupverði. Lántakandi þarf að standast greiðslumat og uppfylla aðrar útlánareglur bankans. Á www.islandsbanki.is getur þú reiknað mánaðarlegar afborganir, árlega hlutfallstölu kostnaðar og heildarkostnað.



Café
Sumarlína

Búðavegi 59 · Fáskrúðsfirði

Café -Bistro - Bar - Internet access

Fimmtudagur

Opið frá kl. 10.

Trúbadorinn Eddi Grétars spilar eftir kl. 23.

Föstudagur

Opið frá kl. 10.

Pizzahlaðborð milli kl. 18 og 20.

Laugardagur

Opið frá kl. 10.

Takmarkaður matseðill eftir kl. 16.

Sunnudagur

Opið frá kl. 11.

Eldhúsið er opið til kl. 21 alla daga.



Búðarvegur 59, Fáskrúðsfjörður
Sími 475-1575 – www.sumarlina.is

RAFVEITA
REYÐARFJARÐAR



gjallanhorn.is

Hvar vilt þú eiga heima?

Sparisjóðurinn býður uppá sveigjanleg íbúðalán sem henta vel ólíkum þörfum fólks þegar fjárfest er í íbúðarhúsnæði eða endurbæta á eldra húsnæði.

Verðtryggð lán

- Lán með veðsetningarhlutfall að hámarki 60% bera 3,95% vexti
- Lán með veðsetningarhlutfall frá 60-80% bera 4,75% vexti
- Lántökugjald er 1%
- Vextir eru breytanlegir á fimm ára fresti
- Uppgreiðslugjald

Óverðtryggð lán

- Lán með veðsetningarhlutfall að hámarki 60% bera 7,5% vexti
- Lán með veðsetningarhlutfall frá 60-80% bera 8,5% vexti
- Lántökugjald er 1%
- Vextir eru breytilegir
- Ekkert uppgreiðslugjald

Allar nánari upplýsingar veita Magnús og Vilhjálmur í síma 470-1100.



Egilsbraut 25, 740 Neskaupstaður | 470-1100 | sparaust.is

Texti: Gígja Sólveig Guðjónsdóttir

Myndir: Albert Eiríksson og úr einkasafni

Sólveig á Brimnesi

Sólveig Eiríksdóttir amma mín var fædd að Hlíð í Lóni 12. nóvember 1892. Foreldrar hennar voru hjónin Eiríkur Jónsson, bóndi í Hlíð í Lóni og Sigríður Bjarnadóttir frá Viðfirði í Norð-fjarðarhreppi. Amma átti fimm alsystkini og sex hálf-systkini. Eiríkur hafði áður verið kvæntur Þorbjörgu Jónsdóttur frá Hofi í Álftafirði en hún dó frá börnunum ungum. Alsystkini ömmu voru Bjarni, Þorbjörn, Guðmundur, Rósa og Guðlaug. Amma ólst upp í Hlíð til fimm ára aldurs, en þá fluttu foreldrar hennar í Papey. Eftir það ólst hún upp hjá Valgerði Eiríksdóttur hálf-systur sinni og Sigurði Þórðarsyni manni hennar sem önnuðust hana af mikilli ástúð. Meðal annars í Papey, á Reyðará í Lóni og í Hamarsseli í Hamarsfirði. Í tvö ár dvöldu þau öll í Papey, var hún þá fimm ára, þá lá faðir hennar banaleguna og kenndi hann henni þá að stafa. Í Papey þrjónaði hún sína fyrstu íleppa og voru henni þá gefnar tvær krónur fyrir, hún var svo feimin að hún faldi sig undir borði í baðstofunni og afhenti viðtakandanum íleppana þaðan. Árið 1900 flutti Sólveig amma með fósturu sinni og fóstura að Hamarsseli í Hamarsfirði. Þar varð hún fyrir því óláni að fá mikla ígerð í kjálka og háls út frá tönn. Sigurður fósturi hennar sótti Ólaf Thorlacius lækni en hann bjó á Búlandsnesi við Djúpavog. Oft þurfti hann að koma. Gerðar voru þrjár skurðaðgerðir og margar ástungur. Þá þekktust ekki deyfingar við svona aðgerðir. Þetta var á meðan á tunslettí stóð, heimilisfólkið var úti við vinnu en Valgerður systir hennar var inni við húsverkin og matargerð. Kvalirnar voru oft óbærilegar og þegar hún þoldi varla við, kallaði hún á systur sína, þá kom hún strax og reyndi að dreifa huganum. Meðal annars gáfu þau hjónin henni bókinu *Barnasálmur, eftir Valdísar Briem, til að læra og syngja*. Oft stytta það stundirnar.

Einnig kenndi systir hennar henni þetta sumar að þrjóna rósaleppa, sauma krosssaum og lét hana sauma sér svuntu í höndunum. Ef ekki hafði tekist vel til mátti hún spretta upp, það var ekki auðvelt vegna þess að sporin voru svo þétt.

Amma Sólveig fór 17 ára gömul suður til Reykjavíkur og stundaði þar nám. Um haustið 1911 fór hún í kvöldskóla, undirbúningsdeild Verslunarskólans. Haustið eftir fékk hún inngöngu í



Sólveig ung að árum. Myndin er sennilega tekin á námsárunum í Kaupmannahöfn.

Kvennaskólann, var þá búin að læra dönsku og hafði 50 tíma í ensku eins og áskilið var til að komast upp í þriðja bekk, en þar var handavinnan kennd. Amma talaði um að vera hennar þar hafi verið dásamlegur tími. Á morgnana byrjuðu námsmeyjar með sálmasöng. Alltaf var sami sálmurinn sunginn: „Ó, hversu sæll er hópur sá“. Ein námsmeyjan spilaði undir á orgel. Þennan vetur balderaði hún upphlutsborða og lét setja upphlutinn upp að loknu námi í Kvennaskólanum.

Drottning Alexandra veitti einni stúlku frá Grænlandi, Færeyjum og Íslandi styrk í Dansk Kunstflid Forening eða Drottningarskólann og hlaut amma þann styrk. Um vorið 1914 sigldi hún til Kaupmannahafnar með skipinu Botnía, ferðin gekk vel, út kostaði farseðillinn á öðru farrými 45 krónur. Í Drottningarskólanum var meðal annars kenndur vefnaður, knipplingar, ítalskur knipplingasamur, baldering, hvítsamur og fleira. Oft fór hún á fætur klukkan 4 á morgn-

ana til að sauma. Amma tók fyrir drottning-arpúðann, sem verkefni. Honum þakkaði hún fyrstu verðlaunin, sem hún hlaut í lok vetrar. Verðlaunin voru afhent við hátíðlega athöfn af drottningunni. Klæddist amma þá skautbúningi. Sú sem fékk önnur verðlaun var í upphlut og sú sem fékk þriðju verðlaun var klædd peysufötum. Það var mikið um dýrðir og konunglegur söng-flokkur söng. Í nokkra daga á eftir var höfð sýning í Charlottenburg. Unnu námsmeyjar þar nokkra tíma á dag svo fólk sæi hvernig hlutirnir voru unnir. Ein óf, önnur balderaði og svo framvegis. Eftir að sýningunni lauk fór amma að vinna á teiknistofu sem skólinn hafði. Þar var teiknað á dúka og alls konar varning sem var seldur víða um lönd, þar á meðal til Íslands. Um veturinn óf hún stórt og mikið húsgagnaáklæði fyrir skólann og hafði mikið gagn og gaman af því starfi. Amma Sólveig var ein af þeim konum sem vann að skautbúningnum sem Íslendingar gáfu Alexandríu drottningu er hún kom til Íslands árið 1921. Eftir þriggja ára dvöl í Höfn kom hún aftur heim til Íslands.

Leiðin lá austur á land. Þá urðu þáttaskil í ævi hennar. Þar kynntist hún Guðmundi Þorgrímssyni bónda á Kirkjubóli og fór hjónavígsla þeirra fram 3. september 1921. Var hjónaband þeirra farsælt og einkendist af ástúð og virðingu alla tíð. Vorið 1923 fluttu þau til Brimness við Fáskrúðsfjörð. Þurfti þá að byggja þar öll hús og var túnið lítið og þýft.

Á afmælisdaginn hennar ömmu 12. nóvember 1950 flutti afi henni eftirfarandi þakkarorð: „Nú eru liðin þrjátíu ár, þrjár mánuðir og sex dagar síðan þú komst á mitt heimili með ljós og yl. Ekki eingöngu til mín heldur allra sem hér á heimilinu hafa dvalið, ungra og gamalmenna sem hér dvöldu mislengi til dauðadags.“ Var þeim þessi dagur alltaf minnisstæður. Einnig þakkaði hann henni fyrir þann mikla áhuga sem hún hafði á öllu gróandi lífi svo sem blómarækt innandyra sem utan, trjárækt og allri ræktun á jörðinni. Amma og afi eignuðust fimm börn; Guðrúnu Sigríði



Gígja Sólveig, Sólveig Þorleifsdóttir og alnöfnurnar Sólveig Eiríksdóttir eldri og yngri.



Sólveig Eiríksdóttir og Guðmundur Þorgrímsson.



Brimnesfjölskyldan. Aftari röð f.v. Guðrún, Sigurlaug, Elin, Birna. Fremri röð f.v. Eiríkur, Guðmundur, Sólveig og Þorgeir. Á myndina vantar Albert Stefánsson.

(móður mína), Þorgeir Ragnar, Elínu Sigdóru, Sigurlaugu og Eirík Ármann og ólu upp tvö fösturbörn, Birnu Kristborgu Björnsdóttur og Albert Stefánsson sem héldu alla tíð tryggð við Brimnesheimilið.

Ég fæddist í hjónarúmi þeirra ömmu og afa á Brimnesi og var ég næst elsta barnabarnið, en tveimur árum áður hafði Birna, fösturdóttir Sólveigar og Guðmundar, eignast dótturina Jóhönnu. Dvaldi ég flest sumur hjá ömmu og afa til fjórtán ára aldurs. Við amma vorum alla tíð nánar. Ég er örvent en hún kenndi mér að halda á nál, þrjóna og hekla áður en ég man eftir mér eins og ég réttthent væri. Amma var mjög fær í hannyrðum og vefnaði. Þegar ég man fyrst eftir mér á Brimnesi var vefstóll í einu horninu í borðstofunni. Þar voru ofnar tuskumottur og dreglar sem huldu gólf og forstofu. Einnig púðar, dúkar og margt fleira. Þrjónavél var við einn gluggann í borðstofunni og man ég til dæmis eftir fallegum peysum, þrjónaklukkum og nærbolum sem amma sendi okkur systrunum til Norðfjarðar. Fyrstu ár ömmu og afa á Brimnesi dvöldu hjá henni ungar stúlkur sem lærðu að baldera og sauma sér íslenska búninginn. Eins og fram hefur komið hafði amma mikið yndi af trjárækt og blómarækt. Í garðinum fyrir framan húsið var fagur garður með trjám og blómum. Þar ræktaði hún jarðarber og einnig voru þar margir rífsberjarunnar. Mér er það minnstætt hvað jarðarberin spruttu vel og voru gómsæt. Amma var með falleg blóm í stofugluggum og ef henni fannst blómapottarnir ekki fallegir var settur utan um þá krepappír í fallegum litum. Mitt aðalstarf með ömmu var að hjálpa henni í blómagarðinum, laga til í beðum, sækja mold og vökva og reyta kanta. Ekki fannst mér þetta skemmtileg vinna



Gígja Sólveig Guðjónsdóttir greinarhöfundur með ömmu sinni og afa, Sólveigu Eiríksdóttur og Guðmundi Þorgrímssyni á Brimnesi.

en mér þótti svo vænt um ömmu og hún var svo glöð þegar við vorum úti í garði. Amma umbunaði mér vel dagsverkið. Þegar því var lokið mátti ég klippa blóm í vasa. Oftast valdi ég regnfang sem ilmaði svo vel og eitthvað blómstrandi með, til dæmis morgunfrú eða stúdentanellikkur en þessi blóm ræktaði amma upp af fræjum sem mágkona hennar sendi henni frá Ameríku. Þegar amma var búin að þvo sér og skipta um fót fórum við að spila. Við höfðum báðar mjög gaman af því að spila. Stundum spiluðum við rommý, kasínu, ólsen eða rússa, svo átti amma alltaf nammi í



Allmörg sumur var ég á Brimnesi í góðu yfirlæti og þaðan á ég fjölmargar góðar minningar.

Amma var kona sem alltaf gekk í peysufötum hversdags en upplut til spari. Eins og alsíða var með konur af hennar kynslöð var hún með fléttur og ég var alltaf undrandi á því hvernig hún gat fengið þær til að tolla, en þá vissi ég ekki að hún notaði hárin úr greiðunni sinni til að festa flétturnar. Þetta þótti mér merkilegt.

Amma mín var vinnusöm kona, en hún gekk þó ekki í útiverkin. Heimilið á Brimnesi var fjölmenn og sumarvinnufólk sem þurfti að hafa umsjón með.

Amma og afa Guðmundur voru frábær hjón. Man ég eftir að ef einhverjir afgangar voru af mat, þá voru afa gefnir þeir þó það væri honum ekki að skapi. En það þýddi ekki að segja nei því ekki vildi afa styggja ömmu, en stundum maldaði hann í móinn en niður fór maturinn samt.

Sólveig Þorleifsdóttir

skápnum sem við gæddum okkur á. Ömmu fannst líka gott nammi. Ég var svo glöð þegar afa hringdi á vordögum til að athuga hvenær ég gæti mætt í sauðburðinn. Ég er forsjóninni þakklát fyrir allt það góða veganesti sem amma, Sólveig Eiríksdóttir, gaf mér með sinni sterku fyrirmynd. Fyrir alla hennar hlýju og umhyggju í minn garð og að eiga minningar um hennar göfuga starf er dýrmætur fjársjóður sem aldrei verður frá mér tekinn.



Sólveig Eiríksdóttir, Gígja Sólveig Guðjónsdóttir og Sólveig Þorleifsdóttir.



Með miklum hlýhug minnst ég ömmu minnar, Sólveig Eiríksdóttur.

Foreldrar mínir, Eiríkur sonur hennar og Hulda Steinsdóttir, hófu búskap sinn í tveimur herbergjum á loftinu á Brimnesi 1 og fæddist ég þar 23. febrúar 1960 og átti heima þar mín fyrstu ár. Heimilisfólkið á Brimnesi var hluti af minni tilveru frá upphafi og amma stakk að mér góðgæti sem ég kunní vel að meta. Hún átti yfirleitt brjóstsykur og það átti að sjúga molana en ekki að bryðja. Hún átti líka í fórum sínum fjallagrasaseyði sem var soðið með kandís. Einn sopi á dag var allra meina bót og kom í veg fyrir kvef og gott ef ekki aðra kvilla líka. Ef maður fékk rispu eða skrámur átti amma jöð sem græddi og kom í veg fyrir að illt hlýpi í en jöðið litaði hörundið gult og það sveið undan því.

Amma sagði skemmtilega frá atvikum úr sínu lífi og þótti mér alltaf gaman að hlýða á frásagnir hennar.

Hún lýsti því þegar bróðir hennar sá álfkonu í Papey skammt frá heimilinu og elti hana en enginn annar sá þá konu og stöðvaði heimafólk drenginn.

Í fallega blómagarðinum sem hún kom upp á Brimnesi var meðal annars listilega útbúin skeifulaga laut, mót suðri, umlukin hækkuðum blómabeðum sem tré og runnar skýldu. Blóm úti og inni voru hennar yndi og hún reyndi líka að koma fyrir plöntum utan garðsins.

Handavinna lék í höndum hennar alla tíð og var hún þolinmóð við að kenna afkomendum handtökin. Undirrituð lærði að sauma krosssaum og telja út en það reyndist nokkuð erfitt fyrir nemandann og líklega kennarann líka. Jafnt og áferðarfallegt átti stykkið að vera og rangan skyldi líka vera jöfn og falleg. Oft þurfti að rekja upp það sama til að standast kröfurnar. Fyrsta prufan sem var gerð varð nokkuð þvæld af átökunum. Æ síðan hef ég tamið mér að rekja upp ef ég hef ekki verið ánægð með handavinnu mína.

Hún kenndi mér ýmis vers, bænir og ljóð og ekki mátti nokkur tala ljótt eða bölvá. Öllu lifandi skyldi sýnd virðing og egg vera ósnert í hreiðrum þegar þau fundust.

Sólveig Eiríksdóttir frá Brimnesi

Texti: Vilborg Elísdóttir, Vilborg Eiríksdóttir,
Vilborg Björnsdóttir, Vilborg Friðriksdóttir
og Vilberg Marinó Jónasson
Myndir: Ýmsir

Amma á Egilsstöðum

Vilborg Sigfúsdóttir fæddist 2. janúar 1916 á Hallfræðarstöðum í Hróarstungu. Foreldrar hennar voru Sigrún Pétursdóttir (1898-1932) frá Galtastöðum fram og Sigfús Stefánsson (1878-1969) frá Geirastöðum. Á fyrsta aldursári flutti hún með foreldrum sínum að Gröf í Eiðapinghá þar sem hún ólst upp. Eftir andlát móður sinnar flutti Vilborg, þá 17 ára gömul, ásamt föður sínum og 7 ára bróður að Gestsstöðum í Fáskrúðsfirði. Hún fór fljótlega að vinna fyrir sér sem

Í aldursröð eru það þau Vilborg Elísdóttir (Bobba), Vilborg Eiríksdóttir (Villa), Vilborg Björnsdóttir, Vilborg Friðriksdóttir (Bogga) og Vilberg Marinó Jónasson (Villi).

Vilborg amma okkar var ætíð kölluð „amma á Egilsstöðum“ í tali barnabarnanna enda munum við hana ekki öðruvísi en búandi þar með Marinó á Selásnum. Við aldarminningu ömmu voru afkomendur í beinan legg um 160 og mun fleiri

morguns og mikil eftirvænting, tilhlökkun og gleði í loftinu. Við vorum að fara í Egilsstaði að heimsækja ömmu. Við settumst upp í Land-Roverinn og keyrðum af stað, keyrt var um Staðarskarð og yfir til Reyðarfjarðar. Ég man að mér fannst við aldrei ætla að verða komin, þetta ferðalag tók óralangan tíma, hvað þá í huga barnsins. Vegurinn var holóttur og mjór og hlykkjaðist upp og niður snarbrattar hlíðar. Þegar komið var upp á Fagradal vissi ég að nú væri leiðin

farin að stytta í Egilsstaði. Þegar við svo loksins renndum í hlað, stóð amma í dyrunum með opinn fadn og tók á móti okkur með bestu jólaköku í heimi og marmaraköku. Það var líka alltaf svo góð lykt heima hjá ömmu og svo voru svo flottar svalir...vá! Allt var svo framandi, mér fannst ég vera komin til útlanda eða á einhvern alveg sérstakan stað. Að skreppa í mjólkurbílinn eða kjörbílinn var líka mjög spennandi. Allt í kringum ömmu var svo notalegt, mér leið alltaf mjög vel í kringum hana.“

Ömmu féll aldrei verk úr hendi og var alltaf eitthvað að gera; baka, elda, þrjúna, sauma, hekla

og að sinna öllum gestunum sem komu á Selásinn. Þar var alla tíð mikill gestagangur, enda voru allir velkomnir, frændfólk sem og aðrir sem leið áttu um og þáðu „stórar góðgerðir“ eins og einn tengdasonur hennar orðaði það. Það virtist alltaf nóg pláss á Selásnum og stundum var sofið í öllum rúmunum og um öll gólf. Oftast var einhver að koma eða fara, vinir eða ættingjar og húsið ilmaði af einhverju matarkyns, því ekki mátti nokkur maður fara svangur út frá henni. Það var samt eins og amma hefði ekki mikið fyrir þessu, ekkert gert með látum og jafnvel raulað við matseldina. Allt í einu var borðið orðið fullt af mat. Það var líka siður hjá henni að hafa eftirrét eftir heitri máltíð í hádeginu alla daga. Margir muna eftir dásamlegum köldum ávaxtagrautum eða búðingum.

Á þessum árum var fæðingardeild við Sjúkrahúsið á Egilsstöðum og oft fengu barnshafandi konur húsaskjól hjá ömmu meðan þær bíðu eftir fæðingunni, dögum og stundum vikum saman. Amma hugsaði vel um þær og gaf ýmis góð ráð



Hjónin í Dölum, Steinn og Vilborg.

vinnumkona, fyrst í Tungu og svo seinna í Dölum Fáskrúðsfirði. Vilborg giftist Steini Björgvini Steinssyni (1900-1952) frá Dölum þann 7. desember 1935. Börn þeirra eru Sigrún (1936), Guðbjörg (1937), Hulda (1939), Hermann (1940-2016), Sigríður (1944) og Friðrik (1948). Steinn og Vilborg tóku við búi í Dölum. Steinn lést úr krabbameini langt um aldur fram eða aðeins 52 ára gamall. Vilborg, sem þá var 36 ára gömul, var áfram í Dölum en flutti í Egilsstaði 1963 þar sem hún bjó með seinni manni sínum, Marinó Guðfinnssyni (1905-1985) frá Seyðisfirði. Vilborg lést á jóladag árið 2005.

Fimm af barnabörnunum bera nafn ömmu, flest hafa einnig gælunafn til aðgreiningar.



Aftari röð f.v. Friðrik, Hermann, Sigrún, Guðbjörg. Fremri röð f.v. Hulda, Vilborg, Marinó og Sigríður.

ef öll tengsl eru talin með. Allar minningar um ömmu á Egilsstöðum eru undantekningarlaust tengdar hlýju, ástúð, skapmildi og einhverju gómsætu matarkyns. Amma var glaðlynd, ákaflega barngóð og hún var svona ekta amma, hlý og innileg þegar hún tók á móti okkur í forstofunni, fyrst að Selási 19 og síðar á Faxatröðinni. Amma var falleg kona með svart sítt hár. Afar sjaldan sást hárið slegið og það vakti því meiri eftirtekt þegar hún sást greiða síða hárið sitt. Svo fléttaði hún hárið í tvær þykkar fléttur sem náðu tvo hringi um höfuðið. Hún notaði ekki teygjur eins og títt er í dag því hún nýtti bara hárin sem losnað höfðu og sátu í greiðunni, lagði þau til og vafði þétt um enda fléttanna, þetta þótti okkur börnunum alveg sérstök snilld að hægt væri að leysa málið á þennan hátt.

Það var alltaf tilhlökkunarefni, þegar farið var erinda í Egilsstaði, að heimsækja ömmu en það var fastur liður í þeim ferðum. Eitt dæmi um slíkt er eftirfarandi frásögn Bobbu: „Það var snemma



Snorri Felix Guðjónsson, Sigríður Fanney Guðjónsdóttir, Björgvin Steinþórsson, Vilborg, Bjarni Hreinsson, Sverrir Freyr Guðjónsson og Geisli Hreinsson.



Bollastell sem Vilborg og Steinn fengu í brúðkaupsgjöf. Það er nú á Minjasafni Austurlands á Egilsstöðum.



Klippimyndir. Vilborg hafði unun af því að klippa út dýr úr pappír.



Vilborg Björnsdóttir, Vilborg Elísdóttir, Vilberg Marínó Jónasson, Vilborg Sigfúsdóttir, Vilborg Eiríksdóttir og Vilborg Friðriksdóttir. Myndin er tekin í Skrúði á 80 ára afmæli Vilborgar, 2. janúar 1996.

og leiðbeiningar á sinn ljúfa hátt. Þegar amma var heimsótt á hátíðisdögum var sparibollastellið notað og heitt súkkulaði borið fram. Við börnin fengum líka að drekka úr finu bollunum, okkur til gleði. Amma sagði stundum söguna af því þegar hún var barn og fór til messu á jólum og eftir á var boðið til kirkjukaffis á prestssetrinu. Þar fengu börn jafnt sem fullorðnir að drekka úr ákaflega finum gullslegnum bollum og henni fannst þetta svo hátíðlegt að hún ákvað með sjálfri sér að svona skyldi þetta einnig verða hjá henni og við það stóð hún. Börn ömmu, allavega þau eldri, munu hafa átt sinn eigin sparibolla sem einungis var notaður á hátíðum.

Amma kunni að gera mikið úr litlum efnivið, hún heklaði til dæmis mottur úr súrmjólkurpokum og heklaði einnig utan um baggabönd í mottugerðinni. Gömul sængurver og efnisafgangar voru klippið eða rifin í mjóar ræmur sem voru fléttaðar og síðan saumaði hún þetta saman í mottur. Hún bjó líka til dúkkur úr efnisafgöngum og fleiru. Amma átti alltaf til nóg af vettlingum og sokkum sem hún gaf okkur, oft átti hún það mikið til að hægt var að velja mynstur eða liti. Við vorum mörg barnabörnin sem nutum góðs af þessu. Seinna voru það svo langömmubörnin sem einnig fengu að njóta handverks hennar. Amma þrjónaði sokka og vettlinga svo lengi sem heilsa hennar leyfði, og var það með þakklæti og gleði sem við tókum á móti þessum gjöfum, því

það var í hennar anda að gestir væru leystir út með glaðningi.

Okkur börnunum til gleði klippti hún stundum út allskyns dýr og fólk úr blöðum og pappa sem til féll, oftast þó hesta. Amma var alla tíð hrifin af hestum, var óhrædd við þá og hafði gott lag á þeim. Þegar hún var í Gröf sem barn, náði hún eitt sinn hrossi úr hrossahóp, komst á bak og hesturinn rauk af stað. Þetta var þá ótemja en hún taldi á baki. „Það var meiri ferðin á skepnunni,“ varð ömmu að orði þegar þetta kom til tals seinna meir. Meðan hún bjó í Dölum átti hún alltaf brauð til að gefa þessum vinum sínum, sem litlir hestasveinar teymdu að eldhúsglugganum og var þá góðgætið rétt út um gluggann.

Amma hafði gaman af lestri og las alla tíð mikið. Sagði hún stundum frá að hún hefði lesið alla jólanóttina, fyrir tíma rafmagnsins, því þá mátti ljósið loga alla nóttina. Það var alltaf gaman að heyra frásagnir frá barnæsku hennar því margt var svo ólíkt í þá daga.

Öll börn ömmu fóru í frekara nám eftir barnaskóla, þrátt fyrir þröngan fjárhag. Bæði unnu þau sjálf fyrir skólagöngu sinni og/eða fengu aðstoð hjá goðu fólki.

Fjölmargir afkomendur ömmu eiga heima á Fáskrúðsfirði. Eftirfarandi frásögn Boggu sýnir glögg að það er hverju orði sannara: „Einu sinni

kom frændi minn í mötuneyti barnanna í sveitinni í grunnskólanum og var þá verið að tala um ömmu á Egilsstöðum. Það tóku svo margir undir frá Þernunesi, Hafranesi, Brimnesi og Dölum að hann spurði hneykslaður hvort hún væri amma allra á Fáskrúðsfirði.“ Ekki er það nú alveg en það eru ansi margir frá henni komnir.

Eftir að amma flutti í Egilsstaði kom hún samt oft niður á firði og gisti hjá börnum sínum um lengri eða skemmri tíma. Marínó átti trilluna Þernu og gerði út frá Hafranesi á efri árum. Fyrir sig og ömmu smíðaði hann verbúð sem var staðsett yfir skurði á símastaurum, við hliðina á sjóhúsinu á Hafranesi. Munum við þau sitjandi á sínu rúminu hvort með lítið borð á milli sín. Lítið var um annan húsbúnað ef frá er talinn skápur, enda komst ekki mikið meira fyrir í þessu litla húsi, en þetta dugði þeim vel enda nægjusemin í fyrrirúmi.

Aldrei skipti hún amma skapi, að minnsta kosti fór hún ákaflega vel með það ef svo var. Hennar ljúfi og mildi háttur virkaði róandi á alla sem í kring voru.

Það eru forréttindi að hafa átt hana fyrir ömmu enda teljum við að ekki sé hægt að finna betri fyrirmynd. Við sem berum nafnið hennar gerum það svo sannarlega með stolti.



Dagskrá

(Með fyrirvara um breytingar)



OPNUNARTÍMAR:

● **Templarinn, Tangi og sjóhús við Tanga**

Sýningar opnar:
Föstudag kl. 16 – 19
Laugardag kl. 10 – 12 og 16 – 19
Sunnudag kl. 13 – 16
Óskar Gunnarsson
Ólver Jakobsson
Guðrún Ás

Kox
Ágústa Líf Ólafsdóttir
Gamli munir svo sem fjarskiptatæki, útvörp og fleira.

● **Safnið Frakkar á Íslandsmiðum**

Opið alla helgina kl. 10 – 18.
Safn um veru franska sjómanna við Íslandsstrendur.

● **Norðurljóshús Íslands**

Opið alla daga kl. 12 – 21.

● **Söluskáli S.J.**

Opið alla helgina frá 9–22.
Eldbakaðar pizzur, hamborgarar og önnur spennandi tilboð á mat alla helgina.

● **Café Sumarlína**

Opnunartímar:
Fimmtudag frá kl. 10.
Trúbadorinn Eddi Grétars spilar eftir kl. 23.
Föstudag frá kl. 10.
Pizzahlaðborð milli kl. 18 og 20.
Laugardag frá kl. 10.
Takmarkaður matsæðill eftir kl. 16.
Sunnudag frá kl. 11.
Eldhúsið er opið til kl. 21 alla daga.

● **Samkaup Strax**

Opnunartímar:
Föstudag kl. 10 – 18
Laugardag kl. 10 – 18
Sunnudag kl. 12 – 14
Margvísleg tilboð alla helgina.

● **Vinbúðin Fáskrúðsfirði**

Opnunartímar:
Fimmtudag kl. 15 – 18
Föstudag kl. 14 – 18
Laugardag kl. 12 – 14

● **Sundlaug Fáskrúðsfjarðar**

Opnunartímar:
Mánud. – Fimmtud. kl. 16 – 19
Föstudag kl. 15 – 18
Laugardag kl. 10 – 13
Lokað á sunnudag.

● **Tangi – Gamla Kaupfélagið og Gallerí Kolfreyja**

Gallerí Kolfreyja býður upp á handverk frá fjölmörgum heimamönnum.
Opnunartímar: Alla daga kl. 10 – 18.

MÍÐVIKUDAGUR 20. JÚLÍ

Kl. 20

Ganga í aðdraganda Franska daga

Gengið yfir Staðarskarð. Mæting við höfðann utan við Höfðahús við norðanverðan Fáskrúðsfjörð. Göngustjóri: Eyþór Friðbergsson S. 865-2327.

FIMMTUDAGUR 21. JÚLÍ

Kl. 17:15

Tour de Fáskrúðsfjörður

Hjóláð verður frá Höfðahúsum við norðanverðan fjörðinn, að sundlauginni. Mæting á staðnum. **Athugið:** Hjólin verða ekki ferjuð frá Leiknishúsinu eins og verið hefur.

Munið að **ALLIR** þátttakendur verða að vera með hjálma á höfði og neysla áfengra drykkja er ekki við hæfi á íþróttaviðburðum sem þessum.

Kl. 18

Leikhópurinn Lotta á Búðagrund sýnir leiksfönguna Litaland

Miðaverð er 1.900 krónur. Ekki þarf að panta miða fyrirfram en það er um að gera að klæða sig eftir veðri, taka með sér teppi til að sitja á og myndavél svo hægt sé að taka mynd af sér með litunum eftir sýningu.

Kl. 20

Kenderísanga að kvöldlagi

Lagt af stað frá skólamiðstöðinni. Athugið að börn og ungmennt yngri en 18 ára eru á ábyrgð forráðamanna.

Kl. 22 - 00

Vínýlplötukvöld í Templaranum

Notaleg kvöldstund þar sem þú getur komið með uppáhalds vínýlplötuna þína og fengið hana spilada. Ekkert aldurstakmark. Aðgangseyrir 500 kr.

FÖSTUDAGUR 22. JÚLÍ

Kl. 16

Dorgveiðikeppni

Mæting á Fiskeyrarbruggju neðan við frystihúsið. Munið björgunarvestin.

Kl. 17

Fáskrúðsfjarðarhlaupið

Hlaupið er frá Franska spítalanum við Hafnar götu og út með norðurströnd Fáskrúðsfjarðar. Hlaupaleiðin er malbikuð. Þrjár vegalengdir eru í boði, 5, 10 og 21 km.

Kl. 17

Söngskemmtun í Fáskrúðsfjarðarkirkju

Sigrún Hjálmtýsdóttir (Diddú) og Bergþór Pálsson halda tónleika við undirleik Kjartans Valdemarssonar. Miðasala á tix.is og við innganginn (sjá auglýsingu á bls. 3).

Kl. 20

Söngskemmtun í Fáskrúðsfjarðarkirkju

Sigrún Hjálmtýsdóttir (Diddú) og Bergþór Pálsson halda tónleika við undirleik Kjartans Valdemarssonar. Miðasala á tix.is og við innganginn (sjá auglýsingu á bls. 3).

Kl. 22 - 23:30

Setning Franska daga 2016 á Búðagrund

Eiríkur Hafdal sér um að halda uppi stuðinu og leiða brekkusöng. Varðeldur – brekkusöngur – stanslaust stuð.

Kl. 23:30

Flugeldasýning

Kl. 00 – 03

Tónleikar í Skruði

Jón Hilmar og gestir á föstudagstónleikum Franska daga. Á tónleikunum leikur Jón Hilmar nokkur vel valin gítarlög ásamt því að fá með sér stórsöngvarana Hrófnu Hönnu og Bjarna Frey. Skemmtilegir tónleikar sem unnenndur góðrar tónlistar vilja ekki missa af. Bar á staðnum, 18 ára aldurstakmark. Aðgangseyrir 2.500 kr.

LAUGARDAGUR 23. JÚLÍ

Kl. 10 - 11

Minningarhlaup um Berg Hallgrímsson

Mæting við Reykholt, hlaupið að minnisvarða um Berg.

Kl. 11 á loftinu í Tanga

„Gangandi snilld“ – Birna Valborgar- og Baldursdóttir, lýðheilsufræðingur, fjallar laußlétt í 15 mínútna spjalli um mikilvægi hreyfingar fyrir andlega og líkamlega heilsu fólks á öllum aldri. Allir velkomnir og aðgangur ókeypis.

Kl. 12

Helgistund í Frönsku kapellunni

Helgistund á vegum Þjóðkirkjunnar og kaþólsku kirkjunnar á Austurlandi. Franska kapellan er staðsett í frönsku húsaþyrpingunni rétt við franska spítalann.



Kl. 13

Minningarathöfn í Franska grafreitnum

Minnst er franska sjómanna sem látist hafa á Íslandsmiðum, og blómsveigur lagður að minnisvarða um þá. Sóknarprestur stýrir stundinni með þátttöku kapólsku kirkjunnar á Austurlandi. Lifandi tónlistarflutningur.

Hvetjum alla sem eiga íslenska þjóðbúninga til að mæta í þeim við þessa hátíðlegu athöfn, íslenska lopapeysan er líka vel við hæfi. Fjölmennum og minnumst þessara hugrökku sjómanna.

Kl. 14

Skrúðganga frá Franska grafreitnum að Tanga

Kl. 14:15

Hátíð í bæ

Hátíðardagskráin fer fram á planinu fyrir neðan Tanga. Götumarkaður, fjölbreytt skemmtidagskrá þar sem m.a. koma fram Björgvin Franz, persónur úr Latabæ, Sirkus Íslands og fleiri. Verðlaunaafhendingar, happdrætti og margt fleira.

Kl. 14

Hopp.is með úrval hoppukastala og leiktækja á hátíðarsvæðinu

Kl. 15 - 15:25

BLIND tónleikar í Fáskrúðsfjarðarkirkju

Ógleymanlegir tónleikar þar sem gestir upplifa nýja veröld með bundið fyrir augun! Einstakur viðburður sem sló í gegn á Bræðslunni í fyrra. Aðgangseyrir 1.000 kr.

Kl. 16 - 16:25

BLIND tónleikar í Fáskrúðsfjarðarkirkju

Ógleymanlegir tónleikar þar sem gestir upplifa nýja veröld með bundið fyrir augun! Einstakur viðburður sem sló í gegn á Bræðslunni í fyrra. Aðgangseyrir 1.000 kr.

Kl. 17 - 17:25

BLIND tónleikar í Fáskrúðsfjarðarkirkju

Ógleymanlegir tónleikar þar sem gestir upplifa nýja veröld með bundið fyrir augun! Einstakur viðburður sem sló í gegn á Bræðslunni í fyrra. Aðgangseyrir 1.000 kr.

Kl. 17:30

Íslandsmeistaramótið í Pétanque

Á sparkvelli við skólamiðstöð. Skráning á staðnum. Bráðskemmtilegt franskt kúluspil fyrir alla fjölskylduna.

Kl. 20 - 22

Harmonikkudansleikur í Skrúði

Fjölskyldusamkoma þar sem afar, ömmur, pabbar, mömmur og börn skemmta sér saman. Aðgangseyrir: Fullorðnir 1000 kr., grunnskólabörn 500 kr., frítt fyrir börn á leikskólaaldri.

Kl. 23:30 - 03

Dansleikur í Skrúði

Rokkabíllýbandið og Eyþór Ingi sjá um stuðið á alvöru sveitaballi. Bar á staðnum, 18 ára aldurstakmark. Aðgangseyrir 2500 kr.


SUNNUDAGUR 24. JÚLÍ

Kl. 11 Fáskrúðsfjarðarkirkja. Samverustund í kirkjunni í umsjón sóknarprests. Blönduð dagskrá í tali og tónum. Hvetjum fólk til að fjölmenna.

Athugið að hægt er að kaupa armband sem gildir bæði á tónleika Jóns Hilmars og gesta á föstudagskvöld og á dansleik Rokkabíllýbandsins og Eyþórs Inga á laugardagskvöld á 4.500 kr.

Einnig er hægt að kaupa armband sem gildir á Vínlykvaldið, föstudagstónleikana, BLIND tónleikana, harmonikkudansleikinn og dansleikinn á laugardagskvöldinu á 6.500 kr.

Njótið helgarinnar
Góða skemmtun!



Texti: Albert Eiríksson
Myndir: Bragi Bergþórsson

Kaffibod hjá árgangi 1966



Prúðbuin bekkjarsystkini. Stefán Geir Finnbogason, Jóhanna Rögnvaldsdóttir, Albert Eiríksson, Sigurbjörg J. Hilmarsdóttir, Andrea Sigurðardóttir og Elfa Bára Bjarnadóttir.



F.v. Albert, Jóhanna, Elfa Bára, Sigurbjörg, Andrea og Stefán Geir.



Það var mikið hlegið og margt rifjað upp þegar hluti af árgangi 1966 kom saman á fögru sumarkvöldi fyrir skömmu. Bekkjarsystkinin fagna í ár fimmtíu ára afmælum sínum með því að hittast á Frönskum dögum. Það rifjuðust upp sögur af eftirminni-
legum kennurum og mörgu fleiru en eins og gengur er ekki allt prenthæft. Greinilegt var að allir áttu góðar minningar frá áhyggjulausum æskudögum sem við kannski áttuðum okkur ekki á, fyrr en seinna, að voru áhyggjulausir.

Aftasta röð f.v. Albert Eiríksson, Stefán Geir Finnbogason, Stefán B. Magnússon, Óskar Þórólfsson, Þorsteinn Björnsson, Gestur Guðnason, Hafþór Ægisson og Skafti Skúlason kennari
Miðröð f.v. Jóna Björg Guðmundsdóttir, Elfa Bára Bjarnadóttir, Jóhanna Rögnvaldsdóttir, Jóna Ingunn Óskarsdóttir, Ágústa Jóhannsdóttir, Andrea Sigurðardóttir og Sigurbjörg J. Hilmarsdóttir.

Fremsta röð f.v. Elvar Óskarsson, Sveinbjörn Egilsson, Hans Óli Rafnsson, Hjalti Dan Kristjánsson og Sigmundur Sigmundsson.

Þegar við vorum nýlega orðnir táningar var mikið síldarævin-
týri á Fáskrúðsfirði og við tókum þátt í því. Oft var gefið frí í skólanum „til að bjarga verðmætum“ og iðulega unnum við eftir skóla á Pólarsíld til miðnætis eða lengur við síldarsöltun. Þessi mikla vinna þótti ekkert tiltökumál á þessum árum. Það var ekki í boði í okkar ungðæmi að fá skutl hingað og þangað. Í löngu frímínútunum var oftast en ekki hlaupið niður í verslunina Þór til að kaupa góðgæti. Þá þurftu allir að ganga í skólann, heim í hádeginu og svo aftur í skólann að loknum hádegismatnum. Við erum jafnaldrar Sjónvarpsins og munum lífið fyrir litasjón-
varp. Eitt af því sem var rifjað upp var þegar á heimili bekkj-
arbróður okkar hafði verið keypt fyrsta vídeótækið rétt fyrir jólin, á engu öðru heimili í bekknum var slík tímamóta nýjung til. Þegar hann kom úr jólafríinu hafði hann horft þrettán sinnum á Áramótaskaupið og uppskar mikla aðdáun fyrir.



Þúðursykurmarengs. Átta ára stúlka fékk sér sneið daginn eftir og sagði að hún væri svo ljúffeng að það væri eins og einhver amma hefði bakað marengsrúlluna.

Eftir skemmtilegt spjall og mikinn hlátur héldum við út í bjarta sumarnóttina, full tilhlökkunar eftir næstu samvistum á Frönskum dögum.

Sírópslengjur

400 g hveiti
200 g sykur
200 g smjörlíki
1 stk. egg
1 tsk. natron (matarsódi)
1 tsk. kanill
1 msk. síróp

Blandið öllu saman og hnoðið í hrærivél, rúllið í lengjur, setjið á plötu og þrýstið ofan á. Bakið við 200°C.

Skerið lengjurnar í bita á meðan þær eru heitar.



Kryddbrauð mömmu

3 dl hveiti
3 dl haframjöl
2 dl sykur
1 tsk. kanill
1 tsk. engifer
1 tsk. negull
2 tsk. matarsódi
3 dl mjólk
1 stórt egg

Hrærið öllu saman og setjið í eitt smurt form.

Bakið við 200°C fyrstu 15 mín., lækkið í 175°C og bakið í 25 mín.

Gott að bera fram með íslensku smjöri og osti.



Ostakúla

400 g rjómaostur (í bláa boxinu)
1 lítill rauðlaukur
1 rauð paprika
1 poki hunangsristaðar hnetur

Takið rjómaost úr ísskáp og hafið við stofuhita. Saxið rauðlauk og papriku smátt. Blandið þessu saman í skál. Myndið kúlu með höndum, notið einnota hanska.

Setjið filmu yfir og geymið í kæli yfir nótt. Saxið hnetur og veltið svo kúlunni uppúr.

Marengsrúlla

4 eggjahvítur (stórar)
3 dl púðursykur
hjartarsalt á hnífsoðdi
1 1/2 bolli rice crispies

Fylling

1 1/2 - 2 pelar rjómi
1 bolli fersk jarðarber, skorin í bita
1 bolli fersk bláber
2-3 Snickers, skorin í bita
50 g súkkulaði

Þeytið eggjahvítur og púðursykur mjög vel saman, bætið hjartarsalti út í. Setjið rice crispies varlega saman við þegar eggjahvítturnar eru þeyttar að fullu. Smyrjið á bökunarpappír, passið að nota bökunarplötu undir og bakið við 135°C í u.p.b. 50 mín. Látið kólna. Þeytið rjómann og smyrjið á marengsinn. Stráðið Snickersi, bláberjum og jarðarberjum jafnt yfir (takið nokkur ber frá til að skreyta með í lokin). Rúllið marengsinum varlega upp. Bræðið súkkulaðið í vatnsbaði, hellið því yfir í mjörri bunu og skreytið með berjum.





Crostini með kantarellusveppum

½ snittubrauð, skorið í sneiðar	olía eða smjör til steikingar
1 dósa kantarellusveppir (30 g)	1 askja sveppir
sjóðandi vatn	2 msk. hvítvín
5 - 6 blöð söxuð salvía	salt og pipar
4 hvítlauksgeirar	fersk steinselja til skrauts

Raðið snittubrauðsneiðunum í ofnskúffu og ristið í ofni í nokkrar mínútur. Setjið kantarellusveppi í skál og hellið sjóðandi vatni yfir þannig að fljóti yfir, látið standa í um 20 mín. Saxið salvíu og hvítlauk og steikið í olíu eða smjöri. Hellið vatninu af kantarellusveppunum og saxið ásamt sveppunum og steikið með hvítlauknum og salvíunni. Steikið áfram og vatnið látið gufa upp af þeim að mestu. Bætið við hvítvíni, salti og pipar, sjóðið áfram í nokkrar mínútur. Setjið ofan á brauðsneiðarnar með skeið og klippið steinselju yfir.



Bakaður Brie með fikjum, valhnetum og pistasíum

1 Brie ostur
4 msk. fikjusulta
½ bolli þurrkaðar fikjur, skornar í sneiðar
½ bolli pistasíur, afhýddar
½ bolli valhnetur, saxaðar gróft

Mýkið fikjusultuna í potti og slökkvið undir. Hrærið sultuna saman við fikjur, pistasíur og valhnetur. Setjið Brie ostinn í eldfast form, hellið úr pottinum yfir og setjið álpappír yfir. Bakið í u.þ.b. 12 mín. við 190°C. Berið fram beint úr ofninum með kexi eða snittubrauði.



Tanni Travel

Strandgotu14 - 735 Eskifjörður
www.tannitravel.is

Bílaverkstæði Austurlands Bílasala Austurlands

RA.is

Egilsstaðir 470-5070



Ver slum í heimabyggð



- Til góðra verka

**HAPPY HOUR
16:00-18:00
ALLA DAGA**



SOYEZ HEUREUX! (BE HAPPY!)

Fosshótel Austfirðir óskar heimamönnum og gestum góðrar skemmtunar á Frönskum dögum.

Minum á Happy Hour alla daga milli kl. 16:00 og 18:00

Veitingastaðurinn L'Abri er opinn alla daga frá 12:00-23:00

Texti og myndir: Óskar Andri

Fuglamerkingar í Skrúð

Dagana 3.- 6. júlí 2015 var farin árleg fuglamerkingarferð í Skrúð. Leiðangursmenn að þessu sinni voru þeir Ólafur Á. Torfason leiðangursstjóri, Þorvaldur Björnsson merkingarmaður og Óskar Andri ljósmyndari og greinarhöfundur. Árið 2015 var merkilegt að því leyti að þetta var 20 ára afmælisferð en Ólafur Torfa hefur leitt merkingarleiðangra í Skrúð hvert ár frá 1995. Fyrstu ferðina fór Ólafur undir handleiðslu þeirra Sigurðar Ingvarssonar og Páls Leifssonar. Síðan þá hafa verið merktir 22.942 fuglar í eygni. Helstu fuglarnir sem eru merktir eru súlur og langvíur en einnig er merkt nokkuð af ritu, stuttnefju, lunda, fyl og fleiri fuglum.

Skrúður tilheyrir Vattarnesi og eftir að hafa frestað leiðangrinum um sólarhring vegna veðurs, var haldið af stað þaðan á slöngubát kvöldið 3. júlí. Það var bjart og fallet á meðan siglt var út en fljótlega faðmaði Austfjarðarþokan eyjuna og Þorgeir Starri Hermannsson, sem sigldi með okkur út, varð veðurtepptur í eyjunni til morguns. Ábúendum á Vattarnesi vil ég senda sérstakar þakkar fyrir siglinguna og að hafa fengið afnot af eyjunni.

Í stórum hellisskúta er gamalt og vel veðrað gistiskýli sem við höfðum til afnota, kallað Hótel Skrúður, reist af lundaveiðimönnum. Allir dagarnir voru vel nýttir til að heimsækja helstu súlu- og langvíubyggðir. Ungar voru misjafnlega á sig komnir, til að mynda virtust margir langvíuungar tilbúnir að fara og sátu fullorðnar langvíur víða á sjónum að kalla á ungana. Eitthvað virtist súluvarpið hafa dreift sér yfir mjög langt tímabil. Í súlubyggðinni voru allt frá ungum að koma úr eggjum, í stóra, stálpaða unga sem voru búnir að missa allan dún. Hugsanlega hefur kuldakast eftir



Súla - sjálf drottning Atlantshafsins.

að fyrstu fuglarnir urpu orðið til þess að seinka varpi hjá öðrum fuglum.

Skrúður er ævintýralegur staður og algjör paradís fyrir fuglaáhugafólk, en að sama skapi er þessi staður erfiður yfirferðar og margar fuglabyggðirnar eru brattar og leiðirnar þangað ógreinilegar. Eins og við bjuggumst við urðum við veðurtepptir nokkurn tíma. Reynt var að fara á slöngubát frá Vattarnesi að kvöldi 5. júlí en hann sneri við vegna veðurs. Veðrið lagaðist ekkert og þegar ljóst var að það myndi ekkert lagast næstu daga var Björgunarsveitin Geisli á Fáskrúðsfirði fengin til að koma og sækja okkur að kvöldi 6. júlí. Fær

Geisli sérstakar þakkar fyrir aðstoðina, útbúnaður og fagmennska þeirra er Fáskrúðsfirðingum til fyrirmyndar. Þótt að Skrúður sé ekki slæmur staður til að vera veðurtepptur á, var ánægjulegt að komast í land. Ég vona að mér gefist færi á að koma þarna út aftur og leiðangurstjórinn fær bestu þakkar fyrir vel heppnaða ferð.

Samtals voru fangaðir og handfjatlaðir 1192 fuglar í ferðinni. 1056 fuglar fengu ný merki, 136 fuglar höfðu áður verið merktir og af þeim voru 24 langvíur sem höfðu verið merkar sem fullorðnir fuglar í fyrsta leiðangrinum 1995 og eru því að minnsta kosti 24 ára gamlar.



Langvía snöruð.



Fyll með breiðurstæði umlukid skarfakáli.



Langvía (bringvía) sem hefur þá og þegar fengið merki.



Lundi.



Þorvaldur snarar langvóiur á gullblettinum, þar sem er mikil langvóiubyggð.



Leidangursmenn undirbúa brattför frá Vattarnesi.



Súlubyggðin lyfti sér þegar komið var að Skrúð á slöngubátnum, það var mjög tilkomumikil sjón.



Þorvaldur og Óli Torfa vinna saman við að merkja langvóiur í Skrúð.



Þorvaldur að merkja súluunga.



Langvóiur og Reyðarfjörður.



Leidangursmenn, frá vinstri: Þorvaldur Björnsson, Óskar Andri og Óli Torfa.



Geisli kominn í Skrúð að sækja leidangursmenn.



Þorvaldur er öllu vanur, hérna er hann á ystu nöf og er búinn að snara langvóiur.



www.launafl.is - Sími 414-9400



Launafl ehf var stofnað 2006 og er því 10 ára á þessu ári.
Þjónustusvið Launafls er: Vélaverkstæði, rafmagnsverkstæði,
byggingarstarfssemi, pípulagnir, blikkverkstæði, faratækjaverkstæði,
bifreiðaverkstæði og tækni- og öryggisdeild.



*Góða skemmtun
á frönskum dögum*



Jón Óli Benediktsson, starfsmaður Alcoa, nýtur lífsins ásamt Hinriki syni sínum á frábæru útivistarsvæði á Austurlandi.

Öflugt samfélag til frambúðar

Ál gefur okkur einstaka og fjölbreytta möguleika til að styrkja undirstöður atvinnulífs í landinu. Við höfum um árabíl unnið að því að ná jafnvægi milli efnahags og samfélags í anda sjálfbærrar þróunar.

Alcoa Fjarðaál er fjölskylduvænn vinnustaður þar sem ýmis þjónusta stendur starfsmönnum og fjölskyldum þeirra til boða. Þannig tókum við virkan þátt í að byggja upp þróttmikið og sjálfbært samfélag til framtíðar.

FJARÐAÁL
alcoa.is



Texti og myndir: Guðrún Gunnarsdóttir Michelsen

Húsanöfn á Búðum

Áð kenna fólk við húsanöfn og bæjarnöfn er vel þekkt. Hver kannast ekki við Hans í Hátúni og Hans á Sólvöllum. Það er reyndar sami maðurinn, en hann bjó í Hátúni þegar hann var barn en býr nú á Sólvöllum. Ég skrepp enn í kaffi til vinkonu minnar, Sigurbjargar á Grund þó nokkur ár séu síðan ég fór að fá kaffið á Uppsöllum. Alltaf heimsótti ég ömmu og afa í Þrastó (Þrastalundi) og kíkti til Guðrúnar í Árnagerði með Írisi æskuvinkonu minni, svo ég nefni nokkur dæmi.

Faðir minn, Gunnar Skarphéðinsson, vinnur hjá Rarik. Einhverju sinni átti ég leið til hans á skrifstofuna, þá hafði hann nýlokið við að taka til í gömlu dóti. Hann rétti mér litla möppu og spurði hvort þetta væri ekki eitthvað sem ég vildi skoða. Þetta var skrá með húsanöfnum hér úr bænnum í staf-rófsróð og númer á rafmagnsmælum. Þessi skrá var notuð til að halda utan um rafmagnsnotkun hér á Búðum áður en götuheitin komu til sögunnar. Til ársins 1972 var gerð sú krafa að nefna hús til þess að fá lán hjá forvera Íbúðalánasjóðs, Húsnæðismálastjórn, en eftir það var götuheitð og númer húss látið nægja.

Mér þótti þetta mjög spennandi, fór að skoða þetta betur og afla mér frekari upplýsinga. Ég fór á bæjarskrifstofu Búðahrepps og fékk að láni skrá yfir fasteignir á Búðum þar sem skráð voru byggingarár húsa. Einnig fór ég á Héraðsskjalasafn Austurlands og fékk upplýsingar sem til voru þar, þar á meðal manntöl sem gerð voru á tíu ára fresti frá árunum 1890 til 1940. Auk þess hitti ég að máli Hauk Jónsson í Staðbrekku, Finnboga Jónsson í Víðihlíð og hjónin í Nýjabæ, þau Kristínu og Niels. Það gekk nokkuð vel að raða þessu saman. Reyndar var í nokkur skipti erfitt að ákvarða hvenær hús voru byggð vegna þess að þegar byggt var við húsin, þá voru þau metin upp á nýtt og þá var ártal viðbyggingar skráð í fasteignamat í stað upphaflega byggingarársins. Ég miðaði þá við elsta ártal sem ég fann í heimildum. Í grein eftir Sigmar Magnússon sem birtist í Múlaþingi segir hann að árið 1890 sé kominn vísir að þorpsmyndun og nöfn komin á húsin þó þau séu kannski ekki mjög varanleg.

Á þeim tíma sem ég var að setja mig inn í þessi mál, hafði Sögufélag Fáskrúðsfjarðar milligöngu um að panta útskorin viðarskilti með húsanöfnum til að merkja húsin. Mér hefur alltaf fundist þessi skilti setja mikinn svip á bæinn og hvet fólk til þess að halda þessu við.

Þessar upplýsingar um heiti húsa á Búðum í Fáskrúðsfirði hef ég sett upp á vefsíðu sem er að finna á slóðinni faskhus.wordpress.com. Vonandi hafið þið gaman af.



Texti: Berglind Agnarsdóttir

Myndir: Jónína Óskarsdóttir og Albert Kemp

Norðurljósahús Íslands

Á haustmánuðum 2013, fékk Viðar Jónsson kennari og fótboltaþjálfari hugmynd að því hvernig hægt væri að skapa aðstæður til þess að leyfa gestum og gangandi að njóta norðurljósa jafnt að sumri sem vetri. Þessa hugmynd bar hann upp við Jóhönnu Kristínu Hauksdóttur kennara og áhugaljósmyndara og Jónínu Guðrúnu Óskarsdóttur hjúkrunarfræðing og áhugaljósmyndara og saman gengu þau af stað í þá átt að láta þessa hugmynd, sem fljótlega breyttist í draum, verða að veruleika. Á seinni stigum gekk til liðs við hópinn Ingimar Guðmundsson viðskiptafræðingur.

Sleitulaust var unnið við hugmyndasköpun, ljósmyndun og fjáröflun. Og þar sem þessi draumur þeirra var jú aðeins draumur og skaffaði ekki salt í grautinn var vinnan leyst af hendi á þeim tíma sólarhrings þegar norðurljósinn dansa og sólin sefur.

Ákveðið var að opna sýningu á ljósmyndum af norðurljósum og einnig að bjóða upp á norðurljósaferðir, það er að segja ferðir þar sem áhugasamir geta séð, ljósmyndað og fræðst um fyrirbærið og notið náttúrunnar um leið.

Hentugt húsnaði undir starfsemi sem þessa getur verið erfitt að finna í þorpi á stærð við Búðir, en hópurinn fékk fljótlega augastað á svokölluðu Bryggjuhúsi sem stendur á Tangabryggju og er í eigu Kaupfélags Fáskrúðsfirðinga. Eftir skoðun á húsinu var fljótlega ljóst að ekki næðist að koma því og starfseminni sem það ætti að hýsa í horf á þeim tíma og með þeim fjármunum sem hópurinn hafði yfir að ráða, þannig að annað hús í eigu Loðnuvinnslunnar varð fyrir valinu að svo stöddu, hús sem kallað er Wathnes sjóhús.

Wathnes sjóhús er fallett endurgert hús frá nítjándu öld sem heldur afar vel utan um starfsemi Norðurljósahúss Íslands eða Auroras Iceland.

Hópurinn sem stendur að Norðurljósahúsi Íslands á Fáskrúðsfirði uppskar ríkulega á glæsilegri opunarhátíð sem haldin var 15. maí síðastliðinn. Þar fögnuðu gestir framtakinu um leið og þeir upplifðu sögulega stund, stund þar sem draumur varð að veruleika.



Stofnendur Norðurljósahúss Íslands. Viðar Jónsson, Jónína Óskarsdóttir, Jóhanna Kr. Hauksdóttir og Ingimar Guðmundsson.



Frá opnun sýningarinnar í maí 2016.

Texti: Íris Eva Einarsdóttir, nemandi í jarðfræði við HÍ

Myndir: Íris Eva, Sigurjón Hjálmarsson og Vilborg Eiríksdóttir

Jarðfræði Austfjarða

Þegar Austfirði ber á góma koma oftar en ekki upp í hugann tignarleg fjöll og jökulsorfnir dalir. Í þessari grein verður farið í stuttu máli yfir jarðfræði Austfjarða með áherslu á Fáskrúðsfjörð. Teknar verða fyrir nokkur jarðfræðifyrirkæri og þau útskýrð. Fyrst er stuttur kafli um flokkun bergtegunda og farið yfir ýmis hugtök sem tengjast jarðfræðinni.

Bergtegundir

Bergi er skipt í þrjá flokka eftir því hvernig það myndast. Þessir flokkar eru storkuberg, setberg og myndbreytt berg.

Storkuberg myndast við storknun kviku. Dæmi um storkuberg eru basalt og rhyólít. Setberg myndast þegar molnað berg límst saman, harðnar og verður með tíð og tíma að bergi. Sandsteinn og salt eru dæmi um setberg. Myndbreytt berg myndast djúpt í jörðinni við mikinn hita og þrýsting. Það myndast þegar berg, storku- og setberg, hitnar og endurkristallast. Marmari er dæmi um myndbreytt berg. Eiginlegt myndbreytt berg finnst ekki á yfirborði hér á landi. Ummyndað berg finnst hins vegar, en þá á endurkristöllum sér stað á litlu dýpi.

Meirihluti Íslands er gerður úr storkubergi og verður því aðallega fjallað um það hér. Storkubergi er skipt í þrjá flokka eftir staðsetningu við

storkun; gosberg, gangberg og djúpberg. Gosberg myndast þegar kvika storknar á yfirborði. Gangberg myndast þegar kvika storknar á litlu dýpi undir yfirborði og djúpberg myndast þegar kvika storknar djúpt undir yfirborði. Gosberg er jafnan finkornótt og djúpberg stórkornótt.

Storkuberg er flokkað eftir kísilinnihaldi. Basískt storkuberg hefur minna en 52% kísilinnihald. Gosbergið basalt og djúpbergið gabbró eru dæmi um basískt storkuberg. Hægt er að þekkja það á því að bergið er dökkt að lit og oft með olivindíla. Ísúr storkuberg eru með 52 til 63% kísilmagn. Gosbergið íslandit og djúpbergið díórít eru dæmi um slíkt. Ísúrt storkuberg er yfirleitt dökkgrátt að lit. Súrt storkuberg hefur meira kísilmagn en 63%. Gosbergið rhyólít og djúpbergið granít eru dæmi um súrt storkuberg. Það er yfirleitt ljósleitt en þó eru undantekningar á því og má þar til dæmis nefna hrafninnu.

Jarðsaga Íslands

Ísland er mjög ungt á jarðfræðilegum tímakvarða. Ísland er eyja sem bæði er á rekkbelti og á heitum reit. Myndun Íslands má rekja til þess tíma þegar Norður-Atlantshafið hóf að myndast fyrir um 65 milljón árum síðan. Þá tók Ameríkuflekann og Evrasíuflekann að reka hvor frá öðrum. Á milli flekanna myndaðist Atlantshafshryggurinn og hafa hraunlög úr honum hlaðist hvert ofan á annað og meðal annars myndað Ísland. Í gegn um miðju landsins liggur virkt gosbelti og hefur kvika komið þar upp reglulega og myndað þykkan stafla af hraunlögum. Ung hraun sem hlaðast upp í gosbeltinu þrýsta eldri hraunum niður samtímis sem þau færast til hliðar með landrekinu. Þannig hefur eyjan stækkað og mótað og orðið eins og við þekkjum hana í dag. Elstu hraunlögin eru því lengst frá gosbeltinu, á Austfjörðum og Vestfjörðum, og yngstu hraunin eru næst gosbeltinu, á miðhálandi landsins. Gliðnunarhraðinn í gegn um jarðsöguna hefur verið um 2 cm á ári. Til gamans er hægt að miða við að neglur vaxa á svipuðum hraða.

Jarðfræði Austfjarða

Bergið á Austfjörðum kallast blágrýti og myndaðist á því aldurskeiði jarðar sem nefnt er tertíer. Tertíer hófst þegar risaæðlur dóu út fyrir um 65 milljón árum síðan og lauk við upphaf ísaldarskeiðs sem nefnist Pleistósen, fyrir um 2,6 milljón árum síðan. Blágrýti er um helmingur af flatarmáli Íslands og nær blágrýti Austurlands frá Breiðamerkursandi og norður að Langanesi. Þetta eru um 700 hraunlög sem hafa hlaðist upp í um 10 km þykkan stafla á um 10 milljón árum. Elsta berg sem vitað er um á Austfjörðum er um 13 milljón ára gamalt og er við Gerpi. Mikill stöðugleiki er í jarðskorpunni á Austurlandi og þar eru hvorki jarðhræringar né eldvirkni. Jöklar ísaldar hafa mótað og myndað landslag Austfjarða, sorfið og grafið bæði stóra dali og djúpa firði.



Sandfell (743 m) er eitt besta dæmi um bergetil á norðurlandi jarðar.

George Walker

Fyrstur til að varpa ljósi á jarðlög og uppbyggingu Austurlands var breski jarðfræðingurinn George P. L. Walker. Hann kom fyrst til Íslands árið 1954 og kom reglulega aftur í 11 ár í rannsóknarskyni. Hann skrifaði margar greinar um athuganir sínar og kortlagði meðal annars Breiðdalseldstöðina. Á Breiðdalsvík er Breiðdalssetrið í Gamla kaupfélaginu. Þar er að finna safn þar sem meðal annars er hægt að sjá skýrslur, kort og dagbækur úr fórum Walkers ásamt fræðslu um íslenska jarðfræði og þá sérstaklega jarðfræði Austurlands.

Jarðlagahalli

Jarðlagahalli á Austfjörðum er ríkjandi til vesturs. Jarðlög á Íslandi halla oftast inn að gosbelti þar sem farg ungra hrauna þrýsta landinu niður þannig að þau halla inn undir gosbeltið. Hallinn er mestur við annesin eða allt að 10 gráður og minnkar inn firðina. Á heiðunum er hallinn um 6 til 8 gráður og yngstu jarðlögin eru því sem næst lárétt, líkt og kring um Snæfell, en þar er hallinn 1 til 4 gráður.

Eldstöðvar

Megineldstöð er staður þar sem kvika kemur upp og er tengd kvikuþró eða kvikuhólfi neðar í skorpunni. Fjölmargar megineldstöðvar hafa verið á Austurlandi sem hafa nú grafið undir hraun. Þar á meðal er Reyðarfjarðareldstöð, Breiðdalseldstöð, Álftafjarðareldstöð, Þingmúlaeldstöð og Barðneseldstöð. Þessar eldstöðvar eru allar kulnaðar en voru virkar á tertíer tímabilinu. Reyðarfjarðareldstöð er sú megineldstöð sem næst er Fáskrúðsfirði og menjar hennar dreifast þvert á firðina frá Stöðvafirði allt norður í Norðfjörð. Reyðarfjarðareldstöð gaus með hléum og af mismiklum krafti og myndaði meðal annars Kumlafell sem er innst í Eyrardal, suðvestur af Sandfelli og Örnólfsfjall sem er á Norðurbyggðinni, fyrir ofan Brimnes. Ekki er vítað með vissu hvar miðja eldstöðvarin var nákvæmlega enda geta kvikuhólf verið misstór, eða allt að nokkrum kílómetrum að breidd, lögun getur verið mismunandi og mis erfitt að greina ummerki þeirra vegna



Samsettur gangur í Gilsárdal.

rofs. Hins vegar eru til jarðfræðileg fyrirbæri sem gefa vísbendingar um nálægð miðju eldstöðvar, dæmi um það er meðal annars silfurbergsmáman í Eskifirði og Rauðafell í Berutindi. Rauðafell er rhyólítgull sem myndaðist þegar seig, súr kvika braust upp á yfirborðið, hrúgaðist upp yfir gosopinu og myndaði keilulaga fjall.

Í lok gostímabils Reyðarfjarðareldstöðvarinnar hófst stórt gos þar sem kvika var bæði basískt og súr. Þetta gos kom upp um tvær samsíða sprungur beggja vegna Fáskrúðsfjarðar og leifar frá því koma fyrir í Gráfelli, austan við Stöðvaskarð, í Ketti, Kappeyramúla og Ljósafjalli við Gilsárdal.

Sandfell

Sandfell er eitt helsta einkenni Fáskrúðsfjarðar og sker sig úr landslaginu með sínum ljósa lit. Myndun Sandfells er talin hafa byrjað fyrir rúmum 11 til 12 milljón árum, þegar kvika úr Reyðarfjarðareldstöðinni tróðst upp undir jarðlög sem þar voru fyrir. Kvikan hefur verið svo rúmmálsmikil að hún lyfti jarðlögunum upp, án þess þó að ná sjálf upp á yfirborðið. Talið er að þykkt jarðlaganna hafi verið meira en 500 metrar. Með tíð og tíma hafa jarðlögin veðrast og rofnað og eftir stendur Sandfell eins og við þekkjum það í dag. Slík jarðmyndun kallast bergeitill og er undirflokkur gangbergs. Bergeitillinn í Sandfelli er talinn vera um 600 metra þykkur og er eitt besta dæmi um bergeitil á norðurhveli jarðar frá þessum tíma.

Kappeyramúli og Gilsárdalur

Kappeyramúli myndaðist þegar aðfærsluæð frá Reyðarfjarðareldstöðinni náði upp á yfirborð þar sem Kappeyramúli er í dag. Aðfærsluæðin gaf kvikunni greiða leið upp á yfirborð og fór að hlaða upp hraunlögum. Tvö lög eru í Kappeyramúla. Neðra lagið er súrt og er um 90 metra þykkt. Ofan á því er blandað berg sem er bæði súrt og basískt og er um 52 metrar að þykkt.

Í Gilsárdal er að finna bæði súrt og basískt berg og þar er einnig að finna um 40 metra

þykkun samsettan gang. Talið er líklegt en óstaðfest að hér sé um aðfærsluæð Kappeyramúla að ræða.

Berggangar

Marga berggangar er að finna á Austfjörðum. Berggangar myndast þegar kvika storknar í aðfærsluæðum eldstöðva eða fyllir upp í sprungu í hraunlögum. Berggangar eru því alltaf yngri en grannbergið. Berggangar eru ýmist lóðréttir á hraunlögin og kallast gangar, eða láréttir og kallast þá laggangar eða sillur. Hraunlög í kring um gangana veðrast oft hraðar en gangarnir sjálfir því bergið í þeim er þéttara og veðrast því ekki eins auðveldlega. Berggangar líkjast veggjum sem bæði standa stakir eða skaga út úr fjöllum, þeir geta verið misþykkir en eru yfirleitt þynnri en 10 metrar.

Víða er hægt að rekja bergganga þvert á firði og sést það einna best í fjöruborði beggja vegna fjardanna. Á Austfjörðum er einnig að finna samsetta ganga, en þá treðst kvika annarrar gerðar upp í gegnum eldri berggang. Þeir verða því meira en 10 metrar á breidd og oft í tveimur litum. Dæmi um samsetta ganga er hægt að finna ofarlega í árfarvegi Gilsár líkt og áður sagði og við Streitishvarf í Breiðdal.

Skessutúff

Stuðlaheiði liggur milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar. Þar er að finna víðáttumikið, súrt harnað gjóskulag sem kallast á fræðimáli túff. Túfflagið er ljóst að lit og kennt við fjallið Skessu sem er á heiðinni og kallast því Skessutúff. Flatarmál þess er meira en 430 ferkílómetrar og meðalþykkt þess er um 6 metrar. Talið er að túfflagið sé frá Breiðdalseldstöð og hafi myndast í einu stóru eldgosi fyrir meira en 8 milljón árum síðan þegar virkni Breiðdalseldstöðvarinnar var að byrja.



Samsettur gangur við Streitishvarf í Breiðdal.



Berggangar sem ganga úti sjó í landi Brimness.

Holufyllingar

Holufyllingar eru steindir sem fallið hafa út úr vatni eða í gufu í holrúmunum í bergi. Úrkomuvatn seitlar niður í berglöglin og því dýpra sem það fer og heitara sem það verður leysir það bergið upp og til verður vatnslausn með þessum uppleystu efnunum. Þegar vatnslausnin kólnar falla efnin úr henni og nýjar steindir, síðsteindir, verða til í holum og glufum í berginu. Þessar steindir eru kallaðar holufyllingar.

Zeólítar (geislasteinar)

Zeólítar er flokkur holufyllinga sem eru mjög algengir á Austfjörðum og oft kallaðir geislasteinar. Walker skyrgreindi og teiknaði upp zeólítabelti í fjöllum á Austfjörðum. Zeólítar eru oft geislaeða nálagaga og er þeim skipt í flokka eftir útliti þeirra; geislazeólítar eða geislasteinar, blaðzeólítar



Geislasteinar.

og teningszeólítar. Orðið zeólíti er dregið af gríska orðinu zeo-líþos sem merkir suðusteinn en það er vegna þess að vatnið sem er í zeólítunum er laust bundið og það þarf ekki mikla upphitun til þess að þeir bólgni út og vatnið „sjóði“ úr þeim.

Silfurberg

Silfurberg er eitt afbrigði kalsíts sem er ein algengasta holufyllingin hér á landi. Það er sjaldgæft út í heimi og er líka kallað Iceland spar. Þetta er tær kristall sem hægt er að kljúfa í ská-

teninga/samsíðunga og helsti eiginleiki þeirra, sem hefur komið því á kort vísinda, er svonefnt tvöfalt ljósbrot sem nýttist til dæmis við smásjár-rannsóknir á steindum. Smásjár með austfirsku silfurbergi eru taldar hafa verið undirstaða margra rannsókna og uppgötvana sem veitt voru Nóbelsverðlaun fyrir. Í Helgustaðanámu í Eskifirði var að finna silfurberg í miklu magni. Vegna umfangs bergsins hefur eflaust mikið magn

vatns farið um bergið

og er það ein vísbending um nálægð við miðju megineldstöðvar. Mulningur sem varð afgangur við námuvinnslu var nýttur með því að bæta honum við annan mulning og blandan svo notuð til að steina byggingar, þar á meðal Þjóðleikhúsið. Helgustaðanáman hefur verið friðlýst náttúruvætti síðan árið 1975.

Fjörumörk

Pleistósen tímabilið hófst fyrir rúmlega 2,6 milljón árum síðan og síðasta jökulskeiði hennar lauk fyrir um 11 þúsund árum síðan. Á síðasta jökulskeiði var mest allt landið hulið samfelldum jökli, en vegna þunga hans ýttist landið niður. Þegar jökullinn byrjaði að hörfa undir lok jökulskeiðsins reis landið á ný. Þetta landsig og landris er ein helsta orsök hærrí fjörumarka og finnast slík víða á Austfjörðum. Þessi ummerki eru í allt að 52 metra hæð yfir núverandi sjávarmáli í Fáskrúðsfirði og er það á milli Víkurgerðis og Fögrueyrar. Yst í Daladal og við Tungu eru ummerki um sjávarstöðu í um 36 metra hæð og við Sævarenda í 48 metra hæð.

Jökulgarðar og jaðarhjallar

Jökulgarðar myndast við jaðra skriðjökla. Þeir myndast annars vegar þegar jökull gengur fram og hleður upp efninu sem hann ýtir á undan sér og hins vegar þegar jökull er lengi kyrrstæður og jökulframburður hleðst upp á sama stað í langan tíma. Jaðarhjallar eru aflíðandi sethjallar sem geta verið hver niður af öðrum. Þeir myndast gjarnan þegar leysingarvatn hleður upp seti á milli jökuls og hliðar þegar þeir hörfa og þynnast í áföngum. Rétt innan við Víkurgerði eru ummerki um fornan jökulgarð sem tengja má við jökulgarða sem staðsettir eru hinum megin við fjörðinn, milli Heljarár og Höfðahúsaár. Talið er að þessir jökulgarðar hafi myndast þegar jökull var að skriða út fjörðinn. Við Eyri er einnig að finna hluta af jökulgarði og er talinn tengjast jaðarhjalla sem finna má við Brimnes á norðurbyggðinni. Fyrir innan Sævarenda er stór jaðarhjalli og niður með honum er jökulgarður sem talinn er hafa

myndast við jaðar jökuls sem skreidd niður úr Flensdal og beygt út fjörðinn. Ummerki um þennan jökul er einnig að finna fyrir innan og ofan Kirkjuból. Jökulgarður er á milli Kirkjubóls og Búðakauptúns eftir jökul sem skreidd út frá Hoffellsdal. Innst í Fáskrúðsfirði er mikill jökulruðningur og yst í Daladal eru greinilegir jaðarhjallar sem tengjast hólarað sem nefnist Gesstadaháhöfðar. Þetta er allt hluti jökulgarðs sem beygir þvert fyrir Daladal til móts við Geststaði og Tungu.

Talið er að hörfun jökla og lækkun sjávarborðs megi skipta í þrjá áfanga. Ummerki um elsta stigið eru við utanverðan Fáskrúðsfjörð og er nefnt Fáskrúðsfjarðarstig. Miðstigið er nefnt Breiðdalsstig



Jaðarhjallar fyrir neðan Hólagerði.

og það yngsta Berufjarðarstig. Talið er að jökulgarðar Fáskrúðsfjarðarstigs hafi myndast við framrás jökuls fyrir rúmum 12.000 árum síðan.

Lokaorð

Auðvelt er að gleyma sér í feegurð Austfjarða og ótrúlegt hvað máttur náttúrunnar getur með tíð og tíma myndað stórbrotið landslag. Þeir sem gefa því gaum geta séð hve mikla sögu svæðið hefur að geyma og geta Austfirðingar verið stoltir af því að lifa í nálægð við slíkar náttúrupeplur.

Frá höfundu

Sérstakar þakkar fá Vilborg Eiríksdóttir, Hreggviður Norðdahl, Guðbjörn Margeirsson og Þóra Björg Andrésdóttir fyrir aðstoð við upplýsingaöflun og góðar ábendingar.

Helstu heimildir

George P. L. Walker (1962). Tertiary welded tuffs in Eastern Iceland. *Quarterly Journal of the Geological Society*, bls 275-290.
Guðbjartur Kristófersson (2005). *Jarðfræði*. Reykjavík: Offsettsfjölritun.
Hjörleifur Guttormsson (2002). Ferðafélag Íslands árbók 2002, *Austfirðir frá Álfafirði til Fáskrúðsfjarðar*. Reykjavík: Ferðafélag Íslands.
Hreggviður Norðdahl og Þorvaldur Einarsson (1988). *Hörfun jökla og sjávarstöðubreytingar í ísaldarlok á Austfjörðum*. Náttúrufræðingurinn, 58. Árgangur (2. tölublað), bls. 59-80.
Leó Kristjánsson (2002). *Um silfurberg frá Helgustöðum og þróun vísinda*. Glettingur 31, 3.tbl., bls. 35-39.

Ítarlega heimildaskrá veitir höfundur góðfúslega á iriseinarns@gmail.com.

Texti: Helena S. Stefánsdóttir

Myndir: Úr einkasafni

Nanna & Bergkvist í Baldurshaga

Nanna Steinunn Þórðardóttir fæddist á Kambahrauni á Bæ í Lóni í Austur-Skaftafellssýslu 2. apríl 1913. Foreldrar hennar voru Þórður Jónsson bóndi (1888 - 1952), sem sinnti einnig ýmsum trúnaðarstörfum og Rannveig Einarsdóttir húsmóðir (1879 - 1935). Nanna átti einn bróður, Gunnar Þórðarson.

Nanna ólst upp á Kambahrauni til 10 ára aldurs en þá fluttist fjölskyldan til Fáskrúðsfjarðar. Þau bjuggu fyrst í Pétursborg og sagði Nanna oft frá því að hún hefði séð út um gluggann á loftinu þegar skútusjómenn drukku vatn og þvoðu fót sín í Baldurshagalæknum. Hún hafði líka horft á frækin slagsmál heimamanna og Frakka fyrir utan Templarann, en samkvæmt sögunni höfðu þau endað þannig að heimamenn höfðu betur og hentu Frökkunum um það bil niður í fjöru. En Nanna, sem sagði barnabörnunum gjarnan skemmtilegar sögur, sagði endalok þessarar sögu stórlega færða í stílinn, slagsmálin hefðu verið minniháttar.

Bergkvist Stefánsson fæddist 15. september 1903 á Höfðahúsum í Fáskrúðsfjarðarhreppi. Faðir hans var Stefán Þorsteinsson útvegsbóndi (1865 - 1922) og Jónína Gísladóttir húsmóðir (1866 - 1932). Systkini Bergkvists voru Ottó Aðalsteinn, Marta Guðríður, Siggeir og Karl, auk tveggja systkina sem létust á fyrsta ári. Leikvöllur barnanna var lítil tjörn sem var við bæinn og fjaran. Bærinn stóð þá í lautu neðan við þjóðveginn. Flestir voru að berjast við fátækt og marga dreymdi um betra líf. Bergkvist fór 10 ára gamall að stunda sjó með föður sínum á opnum smábát. Þegar hann var rúmlega 30 ára fór hann, eins og títt var í þá daga, að leita sér að atvinnu í fjarlægum byggðarlaga og urðu Vestmannaeyjar fyrir valinu. Þar vandist hann vetrarvertíðum með erfidum sjósóknum. Eftir vertíðina 1934 hafði hann hug á að kaupa sér bát en það var ekki svo einfalt á þeim árum, en Bergkvist var ákveðinn. Hann hafði 2000 krónur upp úr vertíðinni í Eyjum og fór á fund Gísla Johnsen, sem þá var umboðsmaður fyrir bátakaup frá Svíþjóð. Báturinn sem Bergkvist hafði hug á að kaupa átti að kosta 25.000 krónur kominn á staðinn. Gísli vísaði Bergkvist á fiskveiðisjóð, þar gæti hann fengið lánað 67% af kaupverði báts. Þá var næst að fá veðbókavottorð og þessi 33% sem á vantaði.

Báturinn var smíðaður í Djúpvík í Svíþjóð og var um 14 tonna eikarbátur, fékk hann nafnið Vinur SU 523. Bergkvist hélt af stað til Svíþjóðar að sækja bátinn og með honum í för voru Siggeir bróðir hans og Bjarni Jónsson sem gekk undir nafninu Bjarni stýrimaður. Á heimleið hreptu þeir aftakaveður milli Færeyja og Íslands en til Fáskrúðsfjarðar náðu þeir á óskiljanlegan hátt og komust heilir heim 6. október 1934. Þegar þeir náðu landi höfðu þeir verið taldir af. Ferðasöguna í heild sinni má lesa í Sjómannablaðinu Víkingi 39. árgangi 1977, bls. 211. Ef leitað er á timarit. is eru notuð leitarorðin "Bergkvist Stefánsson".



Hjónin Nanna S. Þórðardóttir og Bergkvist Stefánsson.

Stuttu eftir seinni heimsstyrjöld rataði Bergkvist einnig í svaðilför þegar hann var á leið úr ísfrisksölufarð frá Aberdeen í Skotlandi á bátnum Nönnu. Skipverjar lentu í fávíðri og voru taldir af þegar þeir náðu landi eftir margra daga seinkun. Með Bergkvist í för voru meðal annars Siggí Nobb, Villi Brands, Siggí í Þingholti og Marínó Aðalsteins.

Nanna og Bergkvist giftu sig 25. september 1937. Heimili þeirra alla tíð var Baldurshagi. Þau eignuðust fjögur börn sem eru Jón Baldvin, Guðríður Karen, Rannveig Ragna og Bergþóra Kvistrós. Afkomendur hjónanna eru orðnir samtals 47. Áður átti Bergkvist dótturina Sigurbjörgu, barnsmóðir Guðný Helga Kristjánsdóttir (1900 - 1981). Sigurbjörg var gift Gunnari Jónssyni sem er látinn. Börn hjónanna eru fjögur og afkomendur þeirra eru alls orðnir 15. Sigurbjörg og Gunnar bjuggu lengst á Grund.

Eins og flestir í þorpinu í þá daga, áttu hjónin í Baldurshaga hænur, kindur og eina kú og skiptust

bæjarbúar á að reka kýrnar inn fyrir þorp á beit, en heyjað var á Kirkjubóli.

Nanna fór eitt sinn ásamt Guðríði og Rannveigu, eldri dætrum sínum, að reka kýrnar. Með í för var einnig lítil frænka Bergkvists úr Reykjavík, en hún var í vist part úr sumri. Þegar komið var inn fyrir þorp, sáu þær að nautin frá Gestsstöðum koma á harða hlaupum. Litla frænkan varð eðlilega skelfingu lostin og klifraði uppá bakið á Nönnu, en hún þurfti að forða sér heim með barnið og systurnar flissandi á eftir.

Auk þess að vera húsmóðir starfaði Nanna einnig við fiskvinnslu og útgærðina. Bergkvist var skip-



Bergkvist og Nanna með eldri börnin, Rannveigu, Jón og Guðríði.



Bergkvist og Nanna með Bergþóru, yngsta barnið.



Rannveig Ragna, Jón Baldvín og Guðríður Karen.

stjóri og útgerðarmaður og sinnti strandsiglingum um tíma, því voru oft margir í Baldurshaga, bæði í mat og gistingu. Félags- og öryggismál voru Nönnu ofarlega í huga. Hún vann gegn almennri fátækt á vegum Kvenfélagsins Keðjunnar og stuðlaði að því að húsmæður fengu tíma fyrir sjálfa sig í húsmæðraorlofi. Nanna vann ötulst starf í nefnd sem stofnuð var til söfnunar á hlutafé til byggingar Félagsheimilisins Skrúðs. Nanna var fyrsta konan sem settist í hreppsnefnd Búðahrepps, var lengi formaður Kvenfélagsins Keðjunnar, þar sem hún var gerð heiðursfélagi. Einnig var hún ein af stofnendum Slysavarnafélagsins Hafðisar og var hún gerð að heiðursfélagi Slysavarnafélags Íslands. Hún var ein af stofnendum Krabbameinsfélags Austurlands og liðtæk í Félagi austfirskra kvenna. Nanna ritaði einnig frásagnir í blöð og tímarit. Starfsfólk Orðabókar



Bergþóra í túninu með lamb.

Háskólans leitaði oft til hennar varðandi íslenskt mál. Ekki eru margir sem vita að Nanna var ágætis áhugaljósmyndari og náði meira að segja á efri árum, fyrir tilstilli barnabarns, að taka þátt í ljósmyndasýningu á Egilsstöðum. Hún hafði gott minni alla tíð og hafði náð 90 ára aldri þegar hún lést 11. nóvember 2003.

Bergkvist var oft að heiman vegna atvinnu sinnar, hann sótti vertíðir á Hornafirði, í Sandgerði, Hafnarfirði og víðar. Um tíma sinnti Bergkvist strandferðum, þegar Steindór Jónsson, sem rak fólks- og flutningaferjuna Drang, leigði bát Bergkvists til vöruflutninga. Á fyrri hluta stríðsáranna var bátur hans, ásamt áhöfn, tekinn af breskum hermönnum og færður í höfn á Seyðisfirði. Eða eins og Bergkvist sagði: „Ég var hernuminn.“ Það átti að þvinga áhöfnina til að flytja vopn til Breiðdalsvíkur, en Bergkvist neitaði og um nóttina ákvað áhöfnin að taka áhættu á að vera ekki skotin niður og þeir ræstu bátsvélinu en ljósinn



Bergkvist Stefánsson á Litla Tindi.

voru slökkt, á meðan báturinn sigldi út fjörðinn. Sem betur fer urðu engir eftirmálar af atvikinu. Á seinni hluta stríðsáranna, þegar Bergkvist hafði fest kaup á bátinum Nönnu, starfaði hann fyrir bandaríska herinn við vöruflutninga frá Reykjavík til Vestfjarða. Eitt sinn þegar áhöfnin kom um borð og varð ljóst að farmurinn sem átti að flytja þann daginn var dínamít, fór áhöfnin aftur uppá bryggju og neitaði að fara með farminn. Eftir smá umhugsun, hoppaði einn af bestu vinum Bergkvists, Finnboði Jónsson, aftur um borð og sagði þá fleygu setningu: „Til andskotans með dínamítinu fyrir mér!“



Guðríður Bergkvistsdóttir og Marteinn Steinþórsson um borð í Esjunni á leið frá Fáskrúðsfirði til Reykjavíkur (lítið barn og kona óþekkt). Ein af myndum Nönnu sem rataði á ljósmyndasýningu á Egilsstöðum.

Þangað til vegur var lagður frá Fáskrúðsfirði til Breiðdalsvíkur þurftu sjúkraflutningar að fara fram sjóleiðina. Haraldur læknir fór í mörg útköll með Bergkvisti og eitt sinn í mjög slæmu veðri var bráðaútkall á Stöðvarfjörð. Ferðin gekk þokkalega þó veðrið væri slæmt. Haraldur var þekktur fyrir að vera fámáll og ljúfur maður en ekki var mikið sagt á leiðinni. Þegar komið var til Stöðvarfjarðar þurfti að sæta lagi því að ekki var hægt að leggja að bryggju. Þurfti Haraldur að stökkva í land en Bergkvist beiddi á bátinum á meðan. Þegar merki kom frá landi um að Haraldur væri á leiðinni fór Bergkvist að bryggju, læknirinn stökk um borð og sagði rólegur: „Jæja nú höfum við bjargað tveim mannlífum.“ Ekki sagði Haraldur fleira á leiðinni til baka, fyrr en hann klífraði uppá bryggjuna og sagði: „Gott var

nú blessað veðrið.“ Bergkvist tók aldrei greiðslu fyrir þessar ferðir með lækninn.

Það var sérstök stund þegar Nanna tók fram allar möppurnar sínar, en í þeim eru sögur og frásagnir með fállegri handskrift hennar. Nanna skrifaði með kúlupenna um atburði liðinna ára, lýsingar á húsum sem löngu er búið að rífa á staðnum og frásagnir af alls konar fólki sem hún hitti og kynntist um dagana. Einnig safnaði hún úrklippum úr blöðum um ýmislegt sem henni þótti athygli vert. Þessar atburðabækur Nönnu eru orðnar margar talsins og oft tók hún þær upp og sýndi þeim sem til hennar komu, enda hafði hún einstaklega gaman af því að fá til sín gesti. Oft var komið með erlenda gesti í Baldurshaga, einkum Frakka, sem komu til Fáskrúðsfjarðar og vildu fá að heyrna um lífið á staðnum í gamla daga. Einhvern tíma sögðu barnabörnin við Nönnu í gríni að ef hún hefði fæðst 50 árum síðar væri hún að kenna sagnfræði. Nanna sá nefnilega mikilvægi þess að skrá söguna. Hún tók viðtöl við Bergkvist á hljóðsnældur og spurði hann um æsku hans og daglegt líf á Höfðahúsum og skrásetti svo eftir því.

Bergkvist sagði meðal annars frá því að þegar hann var lítill sóttist hann eftir því að fara með Þorsteini afa sínum í skúturnar, en afi hans var hreppstjóri og þurfti starfsins vegna að eiga mikil samskipti við Frakkana. Bergkvist hefur haft næmt eyra því þegar hann kom í land lék hann Frakkana og hafði eftir sem sagt var á frönsku í skútunum. Þó hann skildi ekki það sem sagt var mundi Bergkvist setningar eins og söngtexta og fannst barnabörnunum spennandi að biðja afa um að segja eitthvað á frönsku. Amma Bergkvists var Karólína María, hún var yfirsetukona og vegna starfs Þorsteins maka síns æxláðist það þannig að hún sinnti aðhlyningu sjúkra franskra sjómanna fyrir tíma Franska spítalans.

Þegar Elín Pálmadóttir rithöfundur leitaði heimilda í bókina sína, Fransi Biskví, hafði hún samband við Nönnu, hún var vitanlega fús að útvega efni í bókina enda hennar áhugamál. Í Fransi

Biskví kemur fram að Bergkvist sagði meðal annars frá því að eitt sinn hafi Þorsteinn afi sinn komið heim úr skútu með veikan franskann dreng til aðhlyningar hjá ömmu sinni. Þau sáu að illa hafði verið farið með hann og héldu honum eins lengi og þau gátu. Þegar skipið var að fara átti að



Börnin í Baldurshaga, Rannveig Ragna, Jón Baldvín og Guðríður Karen, að leik ásamt Stefáni Pálmasyri.



Guðríður, Elín Sigurjónsdóttir, Jón og Stefán Siggeirsson í beyskap á Baldursbagatúninu.

ná í drenginn en Þorsteinn neitaði að láta hann frá sér. Það fór svo að skipið sigldi út fjörðinn án drengsins en Þorsteinn sendi hann síðar með fraktskipi heim til mömmu sinnar.

Bergkvist var útgerðar- og skipstjórnarmaður í yfir 40 ár og sjómaður í 65 ár. Aldrei varð slys á mönnum á skipstjórnarferli hans og alltaf tókst honum að stýra heilu fari í höfn. Ófár ungir drengir komu í beituskúrinn á Garðastöðum. Þeir fundu að Bergkvist hafði ekki gleymt því hvernig var að vera ungur og vilja komast til sjós. Bergkvist var litríkur persónuleiki sem setti svip sinn á bæinn, hann hló hátt og innilega, þótti hnyttinn í svörum án þess að ætla sér að vera skemmtilegur og hann sagði sögur á myndrænan hátt. Eftir hann liggja mörg skemmtileg orða-

og hélt áfram að vinna. Hann horfir á manninn og var snúðugur um leið og hann sagði: „Hvaa.. hvaðan úr Breiðdalnum ert þú nú?“ „Ég“, segir maðurinn, „ég er sýslumaðurinn á Eskifirði“. Og þá brá Bergkvisti við. Úr varð að Bergkvist fór með Lúðvík Ingvarsson sýslumann frá Eskifirði á Breiðdalsvík, upp frá því urðu þeir mestu mátar. Margir samferðamenn Bergkvists kunna skemmtilegar sögur af honum og væri fjársjóður að safna þeim saman. Kona nokkur sagði frá því eitt sinn þegar hún heyrdi Nönnu spyrja Bergkvist: „Í hvaða buxum ertu eginlega?“ Þá sagði Bergkvist snöggur: „Þetta eru buxurnar sem ég skaut selinn í!“ Barnabörnin voru forvitin um lífið á Höfðahúsum og fannst það þrekvirki að nokkur nenni að ganga inn á Búðir. En Bergkvist sagði börnunum frá manni sem átti brynt erindi í kaupstaðinn svo hann þurfti að hlaupa í þorpið. „Hann hljóp svo hratt, að tófa hefði skammast sín.“

Heiðursmerki sjómanna dags var Bergkvisti veitt með þeim fyrstu á Fáskrúðsfirði. Það var virðulegt að sjá hann á efri árum sitjandi í stofunni í Baldurshaga á sjómanna daginn, hnarreistan og spariklæddan með heiðursmerkið í barminum. Einn síðasta sjómanna dag sem hann lifði spurði eitt barnabarn hann hvað honum myndist merkilegast í ævistarfi sínu. Eftir stutta umhugsun svaraði Bergkvist einlægur: „Ég missti aldrei mann.“ Í þá daga voru sjóslys tíð og hafið tók marga sjó-



Bergþóra á gangi í innkaupstaðnum í vetrarblíðunni.



Nanna og Bergkvist á efri árum.



Sigríður Fanney Jónsdóttir og Nanna Steinunn Þórardóttir á fundi Sambands austfirskra kvenna.



Bergkvist og Nanna í berjamó ásamt börnunum sínum Rannveigu, Jóni og Guðríði, fíður Nönnu Þórði Jónssyni, Guðbjörgu Stefánsdóttur og dóttur hennar Elínu Sigurjónsdóttur.

„Okkur hefur alltaf fundist að amma hefði átt að verða rithöfundur. Hún hafði sérstaklega gott minni og sagði okkur barnabörnunum stundum sögur frá því þegar hún var lítil stúlka og átti aðeins skó sem voru úr skinni og bundnir um fætturna, einnig sagði hún okkur frá jólatrénu sem var gert úr vír og kerti sett á til skrauts.“

Nanna og Sigurjóna Jónsdætur.

tiltæki eins og „Hvaðan úr Breiðdalnum ert þú eiginlega.“ Þannig var að Bergkvist var staddur á bryggjunni á Fáskrúðsfirði. Hann sá mann sem ráfaði um í stigvélum og fannst Bergkvisti hann vera frekar larfalegur. Maðurinn vatt sér að Bergkvisti og spurði hvort hann væri á leið til Breiðdalsvíkur, Bergkvist segir svo ekki vera

menn á hverju ári og oft marga úr sömu fjölskyldu. Þá var sjósóknin á litlum trébátum, eina hjálpartækið um borð var kompás og veðurspáin var reiknuð út með því að lesa í skjáfajar. Þessi setning um verðmætamat afans situr í höfði barnabarnsins enn í dag, þegar fréttir berast af hugsunarhætti nútímafólks þar sem verðmæti þeirra felast í því að græða sem mest af peningum.

Bergkvist átti marga báta á sinni starfsævi og með honum til sjós voru margir ungir og hraustir sjómenn sem báru ótakmarkað traust til hans. Sér í lagi voru bræður hans þrír meira eða minna með honum á öllum stærri bátum hans. Bátar Bergkvists voru: Vinur SU 523, Nanna SU 24, Sæbjörn SU 44, Vinur II SU 98. Nanna var keypt frá Færeyjum 1947 og hét þá Oddur TG 524. Auk þessara átti hann nokkra smærri báta eins og Litla Tind SU 326 sem var smíðaður í Bátasmíðju Breiðafjarðar í Hafnarfirði 1954. Lengst af var Bergkvist með aðstöðu fyrir útgerðina í sjóhúsinu Garðastöðum.



Bergkvist og Nanna á yngri árum.



Í tíminu við Baldurshaga, Stefán Siggeirsson, systkinin Guðríður, Jón og Rannveig ásamt Nönnu og Guðbjörgu Stefánsdóttur.

Þegar Bergkvist hætti útgerð var hann samt ekki búinn að segja skilið við sjómennskuna og fór á sjóinn með syni sínum sem þá hafði látið smíða sér bát er hann nefndi Bergkvist SU 409. Bergkvist var heilsuveill síðustu æviárin en 1979 fékk hann hjartaáfall um borð í bát sonar síns og var þá tvísýnt um heilsu hans, en hann fékk í kjölfarið gangráð vegna hjartatrufllana. Eftir það var hann ekki sami maður og frá þeim tíma var heilsan honum oft erfið. Bergkvist Stefánsson lést 5. júní 1986 á 83. aldursári.

Myndir Jóhannesar á Draumalandi

Skagfirðingurinn Jóhannes S. Jósefsson fæddist 1927, hann kom til Fáskrúðsfjarðar um 1951 og vann mest sem múrari. Jóhannes kvæntist Guðrúnu S. Stefánsdóttur (1934–2009) frá Kappeyri. Þau byggðu Draumaland 1954–5 og er Jóhannes gjarnan kenndur við það hús, af Fáskrúðsfirðingum. Jóhannes tók um 700 myndir þar á árunum 1957–1970, af nánast öllum þáttum mannlífsins. Árið 1970, í kjölfar atvinnuleysis eftir síldarárin, flutti fjölskyldan aftur í Skagafjörðinn. Jóhannes verður 89 ára í haust.



Skólaskemmtun sett upp 1967–8.

F.v. Eygló Adalsteinsdóttir, Eygló Gunnþórsdóttir, Kristjana Guðlaugsdóttir, Hjördis Hjaltadóttir, Dagný Hjaltadóttir, Auðbjörg Gunnarsdóttir, Elín Jóhanna Óskarsdóttir og Flórentína Óskarsdóttir.



Sjómanna dagurinn 1965 eða 66. Þessi mynd er tekin þegar áhöfnin á Hvanney SU-442 var heiðruð fyrir að bjarga Báru SU-526 og áhöfn hennar í Hornafjarðarösi. F.v. Jens Lüðvíksson, Jón Finnbogason, Jón Stefánsson frá Sandgerði, Sigrún Sigurðardóttir frá Hól (tekur við merkinu fyrir hönd Arons), Friðrik Jóhannesson Mikk, Ingi frá Þingholti, Jóhann Jónasson frá Búðum og Kristján I Stefánsson.



Sjómanna dagurinn á Fáskrúðsfirði 1968 eða 69. Hilmar Gunnþórsson í boddlaupi að klára úr öflösku, Egill Guðlaugsson ljósmyndar lengst til vinstri.



Fáskrúðsfjörður líklega 1968.

Texti: María Óskarsdóttir

Mynd: Sigurjón Hjálmarsson

Evrópsk menningararfleifar- verðlaun til Franska spítalans



Þann 7. apríl síðastliðinn tilkynntu Evrópusambandið og Europa Nostra sigurvegara Evrópsku Menningarverðlaunanna fyrir verkefni á sviði menningararfleifar/Europa Nostra verðlaunanna árið 2016, en þetta er stærsta viðurkenning sem veitt er á sviði menningararfleifar í Evrópu. Meðal verðlaunahafa ársins 2016 var **Minjavernd fyrir verkefnið Franski spítalinn á Fáskrúðsfirði**, en verðlaunin voru veitt fyrir framúrskarandi verkefni frá Íslandi: Endurbyggingu og umbreytingu Franska spítalans á Fáskrúðsfirði í hótél og safn.

Óháðar dómnefndir skipaðar sérfræðingum völdu sigurvegarana úr hópi 187 umsókna sem sendar voru inn af samtökum og einstaklingum frá 36 Evrópulöndum. Þá voru einnig veitt sérstök verðlaun úr niðurstöðum netkosninga þar sem almenningur gat kosið sinn sigurvegara og stutt verðlaunahafa, hvort sem er úr sínu eigin landi eða öðru Evrópulandi. Verkefnin sem kosin voru af dómnefndinni eru öll dæmi um framúrskarandi hugvit, nýsköpun, sjálfbæra þróun og félagslega þátttöku á sviði menningararfleifar um alla Evrópu. Alls hlutu 28 aðilar frá 16 löndum viðurkenningu fyrir framúrskarandi afrek sín á sviði verndunar, rannsóknvinnu, sérhæfðrar þjónustu og fræðslu, þjálfunar og vitundarvakningar.

Verkefnið, sem var samstarfsverkefni arkitekta, verkfræðinga og handverksmanna Minjaverndar og undir stjórn Minjaverndar innan bæjarfélags-

ins, hófst árið 2009 og fólst í endurbyggingu og flutningi Franska spítalans til Fáskrúðsfjarðar, þar sem hann var upphaflega byggður árið 1904 til að sinna fjölda franskra sjómanna, sem veiddu við strendur Íslands í um 400 ár. Auk endurbyggingar spítalans gerði Minjavernd einnig upp Læknishúsið, sem tengt er spítalanum með undirgöngum, sjúkraskýli, kapellu og líkhús. Allar byggingar voru reistar af Frökkum í sama tilgangi, að þjónusta franskra sjómenn fjarri heimahögum. Þetta var stórt verkefni með það að markmiði að endurlifga þetta markverða tímabil í sögu bæjarfélagsins, með því að breyta spítalanum og tengdum byggingum í hótél og safn til minningar um hinn mikla fjölda sjómanna sem fórst við strendur Íslands og á spítalanum. Virðing var borin fyrir upprunalegum efniviði og handverki við endurbyggingu hússins, timbur úr gömlu byggingunni var endurnýtt og gömlu handverki beitt til hins ítrasta. „*Verkefnið endurvekur ákveðið tímabil í Evrópskri sögu með því að rífa upp þessa tengingu milli Frakklands og Íslands. Samstarfsþópurinn hefur lagt sig fram um að varðveita þessa merku og viðkvæmu byggingu sem og hina áhuga-verðu arfleifð sem hún stendur fyrir*“, sögðu dóm- arar verkefnisins.

Það hefur verið stefna Minjaverndar að finna þeim húsum, sem félagið hefur endurbyggt, not sem henta viðkomandi verkefni, styrkja fjár-

hag verkefnis og umhverfi þess. Því var lögð veruleg vinna í að finna þessum húsum öllum viðfangsefni. Að niðurstöðu varð að Íslandshótél hf. leigja húsin fjögur fyrir vandað hótél, þ.e. Franska spítalann, Læknishúsið að stærstum hluta, sjúkraskýlið og líkhúsið. Fjarðabyggð leigir hluta Læknishúss og tengingu þess við Franska spítalann undir glæsilegt sögusafn um líf franskra sjómanna á Íslandsmiðum fyrr á öldum. Í samningum við Íslandshótél varð ljóst að fjölga þyrfti herbergjum umfram það sem hægt var að koma fyrir í gömlu húsunum. Því var ráðist í að reisa nýbyggingu vestan Franska spítalans þar sem komið er fyrir viðbótargistirými og eru herbergin þá um 50 alls. Nýbygging þessi er byggð í sama stíl og gömlu húsin og fellur vel inn í þá þyrpingu. Hún var tekin í notkun nú í sumarþyrjun. Við óskum Minjavernd hjartanlega til hamingju með vel heppnað verkefni og verðskuldaða viðurkenningu, og Íslandshótélum með glæsilegt hótél sem Fosshótél Austfirðir er.

Heimildir:

Fréttatilkynning frá Minjavernd

Fréttatilkynning Evrópusambandsins og Europa Nostra

Svipmyndir frá Nönnu S. Þórðardóttur



Skrúðganga á Búðarvegi lýðveldisárið 1944.



Háttarhöld á bryggjunni 1954. Guðmundur Stefánsson, Végi, Helgi Þórðarson, Þorvaldur Jónsson, Karl Jónasson, Grund, Björn Stefánsson og Hilmar Gunnþórsson.



Gleðilega Franska daga!





Atlas

Hvaleyrarbraut 2 | 220 Hafnarfjörður
S: 511-4400 | Fax: 511-4404



**Góða skemmtun
á Frönskum dögum!**



HÉRAÐSPRENT

Miðvangi 1 - 700 Egilsstaðir - Sími 471 1449
print@heradsprent.is - www.heradsprent.is


SJÓNARÁS
BÆTT UMHVERFI - BETRI FRAMTÍÐ



Samkaup *strax*


**Verzlunin er opin um
Franska daga sem hér segir:**

Föstudagur 22. júlí
kl. 10:00 - 18:00

Laugardagur 23. júlí
kl. 10:00 - 18:00

Sunnudagur 24. júlí
kl. 12:00 - 14:00


**MARGVÍSLEG TILBOÐ
ALLA HELGINA**



Ungmennafélagið Árvakur



Mynd er tekin á stofnfundi Ungmennafélagsins Árvakurs á Kolfreyjustað árið 1949.
Eigandi ljósmyndar: Sigrún Haraldsdóttir



Efsta röð frá vinstri:

1. Friðmar Gunnarsson Tungu
2. Ragnar Malmquist Lækjamóti
3. Hörður Gardarsson Ljósalandi
4. Jónas Jónasson Höfðabúsam
5. Vilhjálmur Gunnarsson Tungu
6. Kjartan Úlfarsson Vattarnesi
7. Páll Gunnarsson Tungu
8. Þorsteinn Óskarsson Haffranesi
(sonur Laufeyjar Kristinsd. Þernunesi)
9. Ágúst Karlsson Búðum, sumardrengur á Kolmúla
10. Þorgeir Guðmundsson Brimnesi
11. Vignir Lüðvíksson Vattarnesi
12. Haraldur Haraldsson Kolfreyjustað
13. Óskar Jónsson Kolfreyju
14. Guðgeir Danielsson Kolmúla

Miðröð frá vinstri:

15. Óþekkt
16. Kristín Einarsdóttir Kappeyri
17. Abalbjörn Úlfarsson Vattarnesi
18. Vidar Sigbjörnsson Höfðabúsam
19. Gísli Kristinsson Haffranesi
20. Jónas Jónasson Kolmúla
21. Sigurður Úlfarsson Vattarnesi
22. Elís Danielsson Kolmúla
23. Ragnar Haraldsson Kolfreyjustað
24. Daniel Sigurðsson Kolmúla

Neðsta röð frá vinstri:

25. Guðrún Stefánsdóttir Kappeyri
26. Valborg Jónsdóttir Kolfreyju
27. Margrét Sigbjörnsdóttir Vattarnesi
28. Erla Lüðvíksdóttir Vattarnesi
29. Helena Hálfánardóttir Vattarnesi
30. Guðný Hálfánardóttir Vattarnesi
31. Þórey Haraldsdóttir Kolfreyjustað
32. Jenný Haraldsdóttir Kolfreyjustað
33. Rannveig Haraldsdóttir Kolfreyjustað
34. Olga Sigurbjörnsdóttir Höfðabúsam
35. Ragnbildur Gunnarsdóttir Tungu
36. Steinunn Úlfarsdóttir Vattarnesi
37. Elínborg Stefánsdóttir Búðum
38. Elínborg Gunnarsdóttir Tungu
39. Óþekkt

Allar almennar
bíla-vidgerðir og rennismíði.

Bifreiðaverkstæði Sigursteins ehf.
Breiddalsvík
Símar 475-6616 og 899-4300.

BYKO

BÚÐU BETUR. BORGADU MINNA.

1962-2012





Franskir dagar 2016



Óskum Fáskrúðsfirðingum og gestum góðrar skemmtunar á Frönskum dögum 2016

- Heimir Logi, Guðbjörg Sandra, Emma Björg og Magnea Mist
- Bryndís og Gunnar Jósef
- Jón og Þórunn – Nýborg
- Magnús Stefánsson
- Vignir og Lára
- Eddi, Kristel og börn
- Sabina og fjölskylda – Auðsbergi
- Valur Þórarinnsson – Draumalandi
- Helgi og Gullý – Grund
- Niels og Hrefna Guðný – Varmalandi
- Guðfinna, Pétur og synir
- Elsa – Hamarsgötu 1
- Hafdís og Guðjón
- Adda og Gunnar – Skálholti
- Steinunn og Ingólfur
- Dísu á Gili
- Skvísurnar í Efri – Haga
- Anna og Böggi
- Lindi og Dadda
- Anita, Síggi og börn – Sunnubvoli
- Jóna og Atli
- Sibba og Þorgrímur – Móbergi
- Magga, Krissi og Ingólfur
- Man, Guðjón, Díana og Inga
- Hans Óli, Berglind og Unnar
- Hjörtur, Aðalheiður og Brynjar – Úthlið
- Adda, Bjarni, Jason og Emil
- Jóna og Hafþór
- Hafþór og Ármann
- Högni og Ingeborg
- Lára Hjartardóttir
- Valborg, Bjartþór, Anna Björg, Hilmar og Birta Hörn
- Elvar, Borgbildur og Stefán Alex
- Sígþóra og Palli
- Oddrún, Ari, Rebekka, Sveinn og Monika
- Magnús, Líneik, Ásta Hlín, Inga Sæbjörg, Jón Bragi og Ásgeir Páll
- Kjartan og Bogga
- Lalli og Stebba
- Ólafía
- Óskar, Hrafnbildur, Dagur og Bjarki
- Helga, Stefán og börn
- Edin, Sabina, Sarah og Alma
- Síggi, Tinna og synir
- Strákarnir okkar ehf.
- Paulius, Solanza, Tadas, Arnas og Max
- Ragnar Þorvaldsson
- Kiddi, Kolla, Magnea og Guðrún
- Jóna Petra, Guðmundur, Elísa Marey, Magnús Berg, Magnea María, Birna Dögg, Birta Hörn, Ísar Atli, Nenni Þór og Birkir
- Óðinn, Ásta, Ísafold Ýr og Aþena Rán
- Erla, Sværrir og synir
- Jóna Kristín og fjölskylda
- Sigmar, María, Heiðbert Óli og Hörður Marínó
- Fjölskyldan Hlíðarendu
- Alla og Einar
- Jónína, Halldór, Snjólaugur Ingi, Jónína Björg og Sonja Ósk
- Mæja og Denni
- Grétar og Dagný
- Hjálmar, Dagný, Guðmundur Arnar, Steinunn Bjarkey og Elísabet Eir
- Dóra og Lúlli
- Gunna, Síggi, Svanhvít og Sigurbjörg
- Fjölskyldan í Mánaborg
- Guðný og Steini
- Gestur og Sigurbjörg
- Malla, Óskar og fjölskylda
- Óðinn, Svava, Karítas Embla, Ármey Mirra og Veigar Leví
- Viddi, Hafdís og fjölskylda
- Íris, Hafsteinn, Guðrún Birta og Emilía Fönn
- Steinn, Heiða Hrönn, Anton Unnar og Brynjar Heimir
- Elsa Guðjónsdóttir & Co. – Skólastjórabústaðnum
- Helgi og Margrét
- Birkin, Katrín og Hrafnbildur Sara
- Inga og Baldur

Góða skemmtun





*Óskum Fáskrúðsfirðingum og gestum
góðrar skemmtunar á Frönskum dögum*



Ljósmyndir: Jónína Óskarsdóttir



Loðnuvinnslan hf.
Skólavegi 59, 750 Fáskrúðsfjörður
Sími 470 5000, fax 475 1513
www.lvf.is